ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Miðvikudagur 13. maí 1998 • 19. tbl. • 15. árg.

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

Tignir gestir í heimsókn

Margrét Þórhildur Danadrottning sækir Vestfirði heim

Á morgun, fimmtudaginn 14. maí, er ráðgert að Margrét Þórhildur Danadrottning og eiginmaður hennar, Hinrik prins, komi til Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur í boði forsetahjónanna, þeirra Ólafs Ragnars Grímssonar og Guðrúnar Katrínar Þorbergsdóttur.

Ráðgert er að flogið verði með hina tignu gesti í Fokkervél Landhelgisgæslunnar og lent á Þingeyrarflugvelli kl. 14:15. Þar verður tekið á móti Danadrottningu og fylgdarliði hennar og haldið til Þingeyrarkirkju og komið þangað kl. 14:30 og kirkjan skoðuð undir leiðsögn sóknarprests, sr. Guðrúnar Eddu Gunnarsdóttur. Síðan verður haldið að Holti í Önundarfirði og komið þangað kl. 15:20. Þar verður kirkjan skoðuð undir leiðsögn sr. Gunnars Björnssonar. Þaðan verður haldið að minnisvarðanum við Flateyrarkirkju og ráðgerður komutími þar er kl. 16:00. Því næst verður haldið til Ísafjarðar og stoppað á Silfurtorgi kl. 16:40. Þaðan verður haldið til Bolungarvíkur og komið að Ósvör kl. 17:10.

Frá Bolungarvík verður aðnýju haldið til Ísafjarðar og komið að Turnhúsinu í Neðstakaupstað kl. 19:00. Þar verða hús skoðuð og snæddur kvöldverður. Að honum loknum halda gestirnir á Ísafjarðarflugvöll og er brottför þeirra frá Ísafirði áætluð kl. 21:15.

„Í för með Margréti Þórhildi Danadrottningu verður eiginmaður hennar, Hinrik prins, auk forsetahjónanna. Þótt ekki sé um opinbera heimsókn að ræða eru allir íbúar Ísafjarðarbæjar og Bolungarvíkur hvattir til að taka vel á móti hinum tignu gestum og safnast saman á þeim stöðum, þar sem stanzað verður. Það er ekki á hverjum degi að þjóðhöfðingjar erlendra ríkja heiðri okkur Vestfirðinga með heimsóknum. Danir eru ein helzta vinaþjóð Íslendinga og Ísfirðingar og Vestfirðingar eiga mikil söguleg tengsl við Danmörku og Dani," segir í fréttatilkynningu frá sýslumanninum á Ísafirði, Ólafi Helga Kjartanssyni, vegna komu hinna tignu gesta.

Þess má að lokum geta að fimmtudaginn 14. maí er afmælisdagur forseta Íslands, hr. Ólafs Ragnars Grímssonar.

Hornvík

Þyrla sótti slasaðan vélsleðamann

Þyrla landhelgisgæslunnar sótti slasaðan vélsleðamann í Hornvík á Hornströndum síðdegis á laugardag.

Maðurinn var ásamt tveimur öðrum vélsleðamönnum á þremur sleðum og var á leið niður í víkina er hann rann til í skara og kastaðist af sleðanum.

Hann var fluttur til Ísafjarðar og þaðan með sjúkraflugi til Reykjavíkur. Hann mun hafa hlotið höfuðmeiðsl.



BLINDUR FÆR SÝN

–SJÁ VIÐTAL VIÐ HJÓNIN ÖNNU KRISTÍNU HAUKSDÓTTUR OG ÓTTAR JÓNSSON Í MIÐOPNU

Bæjarins besta

Útgefandi:
H-prent ehf.
Sólgötu 9,
400 Ísafjörður
☎ 456 4560
456 4564

Stafræn útgáfa:
http://www.snerpa.is/bb
Ábyrgðarmenn:
Sigurjón J. Sigurðsson
Halldór Sveinbjörnsson
Ritstjóri:
Sigurjón J. Sigurðsson

Netfang prentsmiðju:
hprent@snerpa.is
Netfang ritstjórnar:
bb@snerpa.is

Bæjarins besta er aðili að samtökum bæjar- og héraðsfréttablaða. Eftirprentun, hljóðritun, notkun ljósmynda og annars efnis er óheimil nema heimilda sé getið.

Frá þinginu sem haldið var í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði um helgina.

Ársþing Körfuknattleikssambands Íslands

Haldið í fyrsta sinn á Ísafirði

Ársþing Körfuknattleikssambands Íslands var haldið á Ísafirði um síðustu helgi. Þingið, sem haldið í Stjórnsýsluhúsinu, var hið 38. í röðinni og það fyrsta sem haldið hefur verið á Ísafirði.

Fjölmargir gestir mættu til bæjarins vegna þessa, bæði þingfulltrúar og gestir auk þess sem landslið Íslands og Noregs komu og léku landsleik í íþróttahúsinu á Torfnesi á sunnudagskvöld. Sá leikur reyndist fremur slakur af hálfu beggja liða og lyktaði honum með sigri Íslendinga 65-53.

Liðin léku að nýju í Laugardalshöll á mánudag og sigruðu Íslendingar þá 75-73.

Friðrik Stefánsson í harðri baráttu við norsku leikmennina í leiknum á sunnudagskvöld.

Áður en þingið hófst var þingfulltrúum boðið að þiggja léttar veitingar í Tjöruhúsinu í Neðstakaupstað í boði Básafells.

Körfuknattleikur

KFÍ mætir Haukum

Á mánudagskvöld var dregið um töfluröð í úrvalsdeildinni í körfuknattleik fyrir næsta keppnistímabil.

Í fyrstu umferð mætast eftirtalin lið: Njarðvík-Keflavík, Þór-KR, Snæfell-Tindastóll, KFÍ-Haukar, Skallagrímur-Grindavík og Valur-ÍA. Gert er ráð fyrir að Íslandsmótið hefjist í byrjun október.

Kærkomnir gestir

Leiðari

Margrét Þórhildur Danadrottning, Hinrik prins, Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, og frú Guðrún Katrín, koma í heimsókn til Vestfjarða á morgun, 14. maí, á afmælisdegi forsetans. Það er vel til fundið hjá forseta Íslands að bjóða þjóðhöfðingja Dana vestur á afmælisdegi sínum. Með því áréttar forsetinn ræktarsemi við bernskustöðvarnar á Ísafirði og á Þingeyri. Um leið á hann þess kost að gefa Margréti Þórhildi innsýn í daglegt líf þess fólks sem býr á þeim stöðum þar sem rætur hans liggja. Vestfirðingum er í senn mikill heiður og sönn ánægja að þessari góðu heimsókn.

Kóngur vill sigla en byr ræður, segir gamalt máltæki. Vonandi verða veðurguðirnir hliðhollir forseta vorum og Danadrottingu svo þau geti notið heimsóknarinnar til Vestfjarða sem ríkulegast.

Forseti Íslands, Margrét Þórhildur Danadrottning og fylgdarlið eru boðin velkomin til Vestfjarða um leið og þökkuð er sú velvild í garð íbúa þessa landssvæðis, sem í heimsókninni felst.

Aldarminning

„Hér hefur söguna af Einari Guðfinnssyni, manninum, sem hófst af sjálfum sér úr fátækt til mikilla eigna og ríkis í því byggðarlagi, þar sem hann haslaði sér völl, réði síðan þar án ráðríkis, gætti eigna sinna og jók þær án yfirgangs, barðist hart og sigraði án þess að aðrir töpuðu og varðveitti í róti mikilla umsvifa og harðrar lífsbaráttu, gott upplag sitt og hjartalag."

Svo segir í upphafi Einars sögu Guðfinnssonar, mannsins sem stærstan þátt átti í því að breyta Bolungarvík í nútímalegan kaupstað úr litlu, einangruðu sjávarþorpi. N.k.sunnudag eru 100 ár liðin frá fæðingu hans.
Bolvíkingar ætla að minnast þessara tímamóta með ýmsu móti og hyggjast reisa þessum fyrrum helsta máttarstólpa byggðarlagsins veglegan minnisvarða.

Fyrirtæki Einars Guðfinnssonar heyra sögunni til. EG eru ekki lengur einkennisstafir Bolungarvíkur. Maðurinn á bak við ævintýrið er allur. Það breytir því ekki að svo lengi sem byggð helst í Bolungarvík mun nafn Einars Guðfinnssonar lifa meðal íbúanna.

-s.h.

Ísafjarðarkirkja

Pólskur gítarleikari

Pólski gítarleikarinn Irenusz Strachocki heldur tónleika í Ísafjarðarkirkju nk., mánudagskvöld 18. maí. Á efnisskránni eru verk eftir Dowland, Bach, Fernando Sor, Villa Lobos og Albeniz. Tónleikarnir eru aukatónleikar á vegum Tónlistarfélags Ísafjarðar. Aðgangseyrir er kr. 1.000 en ókeypis er fyrir skólafólk.

Sunnukórinn

Tvennir tónleikar

Sunnukórinn á Ísafirði heldur tvenna tónleika í næstu viku, í Ísafjarðarkirkju og á Þingeyri. Nánar verður greint frá tónleikunum í næsta blaði, en óhætt er að fullyrða að tónleikarnir verða með fjölbreyttasta móti og ætti því enginn unnandi góðs söngs að láta þá fram hjá sér fara.

Junior Chamber

Pólitískur bíódagur

Junior Chamber Vestfjarða hefur ákveðið að efna til opins framboðsfundar í Ísafjarðarbíói og hefst hann kl. 16 á laugardag. Þar munu fulltrúar flokkanna þriggja sem bjóða fram í Ísafjarðarbæ flytja framsögu, svara fyrirspurnum og fleira. Junior Chamber hvetur alla kjósendur í Ísafjarðarbæ til að fjölmenna á fundinn.

Mæður nemenda í 7.-10. bekkjum Grunnskóla Ísafjarðar tóku þátt í grillveislunni sem haldin var á lóð skólans í blíðunni á föstudag.

Og feðurnir mættu líka og grilluðu af mikilli snilld.

Grunnskólinn á Ísafirði

Grillveisla og ratleikur

Í blíðunni á föstudag bauð Grunnskólinn á Ísafirði nemendum 7.-10. bekkjar grunnskólana í Ísafjarðarbæ til vormóts.

Þetta var í annað sinn sem boðið er til slíks móts í Ísafjarðarbæ á vegum skólans og er markmiðið að fá nemendur og kennara til að líta á hið nýja bæjarfélag sem eina heild, vinna á fordómum og ,,hrepparíg" og gera sér glaðan dag.

Á vormótinu í fyrra var keppt í ýmsum íþróttagreinum með skoplegri útfærslu en í ár var farið í ratleik víðsvegar um Eyrina á Ísafirði. Um hádegisbil söfnuðust síðan allir nemendur saman á lóð grunnskólans og þáðu grillaðar pylsur og drykki í boði foreldrafélags skólans.

Leiðrétting

Í frétt í síðasta blaði af árgangi 1951 var ranglega sagt frá tveimur atriðum.

Í fyrsta lagi fermdist árgangurinn 2. maí en ekki 1. maí og í öðru lagi heimsóttu þau Halldór Mikkaelsson og Guðrúnu Óskarsdóttur í Neðri-Breiðadal en ekki Ásgeir Mikkaelsson og konu hans í Fremri-Breiðadal. Þetta leiðréttis hér með.

Þórunn Gestsdóttir, verkefnisstjóri skrifar

Konur og karlar nýti sér lagalegt jafnrétti

Markmið jafnréttisáætlunar Ísafjarðarbæjar 1997-2002 er að stuðla að jafnri stöðu kvenna og karla í Ísafjarðarbæ. Jafnframt er markmið að bæði konur og karlar nýti sér það lagalega jafnrétti sem er til staðar í atvinnulífinu, innan fjölskyldunnar, í félagslífi og til menntunar.

Þetta er markmið nýsamþykktrar jafnréttisáætlunar Ísafjarðarbæjar sem gefin hefur verið út og verður dreift í hvert hús í sveitarfélaginu á næstu dögum. Jafnréttisáætlun Ísafjarðarbæjar tekur til stjórnkerfis sveitarfélagsins og starfsmanna bæjarins annars vegar og hins vegar til starfsemi og þjónustu sem veitt er hjá stofnunum hans.

Meðal þess sem lesa má í áætluninni er að hvert fyrirtæki og stofnun, nefndir og ráð á vegum sveitarfélagsins skulu gera starfsáætlun í jafnréttismálum.

Um framkvæmdir og stöðu mála skal gerð grein fyrir í lok hvers árs.

Karlar í föstu starfi hjá Ísafjarðarbæ skulu eftir fæðingu barna þeirra, njóta 2ja vikna fæðingarorlofs á fullum launum. Þá er því beint til skólayfirvalda og forstöðumanna uppeldisstofnana að vinna að jafnri stöðu kynjanna og veita börnum og unglingum hvatningu til að rækta sérkenni sín og jákvæð samskipti kynjanna.

Framkvæmdaáætlun fylgir jafnréttisáætluninni og þar má sjá nýmæli sem eru um veitingu jafnréttisviðurkenningar Ísafjarðarbæjar í fyrsta sinn árið 1999. Árið 2000 skal framkvæmd viðhorfskönnun til jafnréttismála meðal íbúa Ísafjarðarbæjar.

Jafnréttisáætlunin er gefin út af félagsmálanefnd Ísafjarðarbæjar, unnin af starfshópi er sú nefnd skipaði á síðasta ári. Í forsvari fyrir starfshópnum er Jónína Ólöf Emilsdóttir, aðstoðarskólastjóri og er hún jafnframt ábyrgðarmaður útgáfu áætlunarinnar.

-Þórunn Gestsdóttir, verkefnisstjóri.

Jóna Benediktsdóttir og Jónína Emilsdóttir skrifar

Einsetning skóla - lykilatriði

Samkvæmt lögum á að vera búið að einsetja alla grunnskóla á Íslandi árið 2002. Nú í haust verða allir grunnskólar í Ísafjarðarbæ einsetnir. Einsetningin er kostnaðarsöm og því er ekki að furða þótt menn velti fyrir sér hvort hún sé nauðsynleg og hvað muni vinnast með slíkri breytingu. En fyrir hverja verður þessi breyting til batnaðar.

Fyrir nemendur því að

- allir nemendur hefja skóla á sama tíma dagsins, systkini verða þá öll á sama tíma.
- aðalstarfstíminn verður frá morgni fram á miðjan dag, þegar einbeitingin er sem best og hugurinn frískastur. Þetta er einn besti kosturinn við einsetninguna.
- frjáls tími til leikja og heimanáms nýtist betur þegar allir verða búnir á sama tíma í skólanum.

Fyrir foreldra því að

- börnin í fjölskyldunni verða öll á sama tíma í skólanum, þar sem foreldrar eru útivinnandi fara allir til starfa á sama tíma.
- boðið verður upp á lengda viðveru fyrir börn í 1.-4. bekk. Þessi börn munu ekki þurfa að vera ein heima á morgnana eins og nú hefur gjarnan verið eina úrræðið.
- Með því að kennslu ljúki á svipuðum tíma hjá öllum kennurum ætti að vera auðveldara fyrir foreldra að ná sambandi við kennara.

Fyrir kennara því að

- allir sinna kennslu á sama tíma dagsins þannig að samstarf utan kennslustunda verður mun auðveldara en nú er.
- hver bekkur mun hafa sína skólastofu einn, það breytir miklu varðandi skipulag skólastarfsins.
- nægur tími verður fyrir kennarafundi þar sem allir kennarar skólans koma saman.

Eins og sjá má eru kostirnir við einsetningu mjög margir.

Aukið öryggi skapast fyrir yngri börnin í samfélaginu og námshæfni þeirra fær að njóta sín betur.

Álag á foreldra minnkar við að vita af börnunum á öruggum stað meðan þeir eru í vinnu.

Auknir samstarfsmöguleikar hjá kennurum stuðla að meiri fagmennsku í skólastarfinu.

Jóna Benediktsdóttir, Jónína Ólöf Emilsdóttir.

Til sölu

Til sölu er Sólbaðsstofan Hjá Jónu í Bolungarvík.

Upplýsingar í símum 456 7335 og 456 7079.

Félagsfundur

Karladeild SVFÍ Ísafirði boðar til félagsfundar í Sigurðarbúð sunnudaginn 17. maí kl. 20:00.

Fundarefni:

Húsamál og sameining.

Stjórnin.

Rekstur Básafells hf., á leið til betri vegar

Selja á eignir fyrir um hálfan milljarð

Sjávarútvegsfyrirtækið Básafell hf., á Ísafirði.

Rekstur sjávarútvegsfyrirtækisins Básafells hf., á Ísafirði hefur gengið mun betur undanfarna sex mánuði en rekstrartímabilið þar á undan. Þetta kemur fram í árshlutauppgjöri fyrir fyrstu sex mánuði á yfirstandandi rekstrartímabili eða frá 1. september 1997 til 28. febrúar 1998. Samkvæmt árshlutauppgjörinu varð 188 milljóna króna hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnskostnað sem er 182 milljóna króna betri afkoma en allt rekstrartímabilið í fyrra. Engu að síður sýndi niðurstaða rekstrarreikning 30 milljóna króna tap hjá félaginu.

Í uppgjörinu sést að regluleg starfsemi Básafells skilar nú 30 milljónum króna meira á mánuði en rekstrartímabilið á undan, sem skýrist af aukinni hagræðingu eftir sameiningar síðustu misseri, eins og segir í frétt frá fyrirtækinu. Það sem eftir er af yfirstandandi rekstrartímabili, sem lýkur 31. ágúst nk., áætlar fyrirtækið að selja eignir fyrir um hálfan milljarð og styrkja þannig eiginfjárstöðu sína. Afskriftir og fjármagnskostnaður lækka í kjölfarið sem skilar sér í jákvæðri niðurstöðu af relgulegri starfsemi. Í rekstraráætlun félagsins er gengið út frá því að skila hagnaði á yfirstandandi rekstrartímabili.

Rekstrartekjur Básafells voru 1.322 milljónir króna en rekstrargjöld námu 1.134 milljónum. Hagnaður fyrir afskriftir og fjármagnskostnað var því 188 milljónir króna. Afskriftir námu 158 milljónum og fjármagnskostnaður 129 milljónum króna. Tap af reglulegri starfsemi var því 99 milljónir króna. Óreglulegar tekjur umfram gjöld námu 69 milljónum og varð því tap af rekstri Básafells 30 milljónir króna á umræddu sex mánaða tímabili.

Veltufjármunir námu 1.013 milljónum króna í lok febrúar 1998 og voru skammtímaskuldir 1.186 milljónir króna á sama tíma. Velturfjárhlutfall fyrirtækisins er nú 0,85. Eigið fé þess nam 1.589 milljónum í lok febrúar og á sama tíma voru heildarskuldir félagsins 4.635 milljónir króna. Eiginfjárhlutfallið er því 26%. Í frétt frá fyrirtækinu segir að sjóðstreymi félagsins fari stöðugt batnandi og var handbært fé frá rekstri 87 milljónir króna sem er 774 milljóna króna sveifla til hins betra miðað við síðasta rekstrartímabil, en þá tók reksturinn til sín 687 milljónir króna.

Áfram er unnið að því að móta nýja stefnu Básafells og endurskipuleggja rekstur fyrirtækisins. Skip fyrirtækisins, Jónína og Páll Jónsson hafa verið seld úr landi án aflaheimilda og verið er að athuga sölu á einu skipi til viðbótar, sem og eignarhlutum Básafells í öðrum félögum.

Vímuefnavarnir á norðanverðum Vestfjörðum

Námskeið fyrir þá sem umgangast börn og unglinga

Þriggja stunda kvöldnámskeið verða haldin undir lok þessa mánaðar fyrir þá sem í starfi sínu umgangast börn og unglinga í Bolungarvík, Ísafjarðarbæ og Súðavíkurhreppi. Að námskeiðunum standa samtökin Vímuefnavarnir á norðanverðum Vestfjörðum (VÁ VEST) og forvarnadeild SÁÁ.

Eitt námskeiðið er fyrir stjórnir íþróttafélaganna á svæðinu, annað fyrir íþróttaþjálfara félaganna og hið þriðja fyrir ýmislegt ófaglært starfsfólk, svo sem gangaverði í grunnskólum, afgreiðslufólk söluturna, bensínstöðva, myndbandaleiga, veitingastaða o.fl. og síðast en ekki síst flokkstjóra og forsvarsmanna vinnuskóla. Þátttaka er ókeypis. Verkefnisstjórinn, Hlynur Snorrason hvetur alla þá sem hér eiga hlut að máli til að tilkynna þátttöku sem í síma 456 4382.

Samkaup býður Danadrottningu velkomna til Vestfjarða

Í tilefni heimsóknarinnar bjóðum við ýmsar danskar vörur á tilboði

SAMKAUP
Ísafirði

Kolbrún Halldórsdóttir bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar fyrir Sjálfstæðisflokk skrifar

Fjöðrin sem varð að þremur hænum

Ég nota hér sömu fyrirsögn og oddviti okkar sjálfstæðismanna Þorsteinn Jóhannesson viðhafði í BB þann 29.apríl s.l. þar sem hann á væntanlega við að hann sem fyrrum leiðtogi og í baráttusætinu sé skrautfjöður flokksins og frambjóðendurnir í þremur efstu sætum þá hænurnar þrjár.

Það er rétt hjá Þorsteini að eitt helsta mál fyrrum meirihluta var skólamál og var unnið ötullega að þeim málaflokki sem og öðrum málum s.s. uppbyggingu Safnahússins, nýr leikskóli, endurnýjun miðbæjar á Ísafirði, lokið byggingu við íþróttahús á Þingeyri, lokið við gerð aðal- og deiliskipulag á Flateyri, ásamt gerð varnagarðar o.fl. o.fl. hér er ekki verið að tala um eitt stórverkefni heldur fjöldan allan. Það má vel vera að framkvæmdagleði sjálfstæðismanna undanfarin átta ár við uppbyggingu Funa og Þjónustudeildar á árunum 1991-1994 og svo áður taldar framkvæmdir á árunum 1994-1997, séu að kollkeyra fjárhag bæjarfélagsins, eins og oddviti sjálfstæðismanna lætur liggja að nú fyrir kosningar. Sá og hinn sami og hljópst á brott frá vandanum í nóvember s.l. þegar ekki var fallist á óútfylltan víxil við breytingar á gömlu fiskvinnsluhúsi fyrir skólahúsnæði. Fjárhagsstaða bæjarsjóðs hefur ekki breyst neitt til þess verra á þeim sex mánuðum frá því að þið hlupust undan merkjum við stjórn bæjarfélagsins.

Ísfirðingar þurfa fólk sem treystir sér til þeirra verka sem framundan eru, en ekki fólk sem gefst upp við mótbyr.

Skógurinn og trén

Það hefur ekki reynst okkur vel í íslenskri náttúru að hafa eitt stakt tré á berangri í norðan garra, þannig að það eru rök í sjálfum sér að taka ákvörðun um að færa unglingastig skólans upp á Torfnes, þar sem skortur er á húsnæði fyrir skólahaldið á Eyrinni. Við höfum búið við lélega aðstöðu til handa nemendum og kennurum á núverandi stað lengi, þar er lóðarými ekki fyrir hendi né heldur bifreiðastæði.

Kennarar hafa sýnt okkur ótrúlega biðlund og í húsnæðismálum og hana ber vissulega að þakka, hvort heldur er við grunnskólann eða tónlistaskólann. Húsnæðismál Tónlistaskólans eru leyst og nú þarf að leysa húsnæðismál Grunnskólans.

,,Þrjú stórverkefni undir" segir Þorsteinn, það er rétt það er minna en verið hefur. Oddvitinn telur upp þau verk sem unnin hafa verið í hans tíð og þar er verið að ræða um verk upp á um 200 milljónir sem unnin hafa verið á s.l. tveimur árum og sumum ekki lokið. Í fyrri tíð þegar Funi var byggður þá kostaði hann um 300 milljónir fullbúinn og þjónustudeildin um 30 milljónir .

Auðvitað hafa allar þessar framkvæmdir áhrif á fjárhagsstöðu sveitarfélagsins. Við munum klára þau verk sem óklárað eru í dag og leysa húsnæðismál skólans.

Bráðabirgðarhúsnæði á Torfnesi næstu tvö árin skerðir ekki æfingasvæði knattspyrnumanna á grasvellinum, hugsanlega skerðir það afnot þeirra af malarvelli næsta sumar, en þá er til staðar svæði við Skeið sem lagfæra þarf sem malarvöll, sparkvellir verði áfram við Skeið eins og undanfarin ár. Baðaðstaða verður til staðar hvort heldur er í íþróttahúsi við Austurvöll eða í íþróttahúsi við Torfnes. Viðræður við íþróttahreyfingu mun leiða í ljós á hvern hátt sé hentugast að standa að uppbyggingu svæðisins í Tungudal til framtíðar.

Kolbrún Halldórsdóttir.

Og þannig skapað heilstætt íþrótta- og útivistarsvæði þar sem allir geta fundið eitthvað við sitt hæfi við íþrótta- og útivistarveru.

Hvað varðar að leysa húsnæðisvanda Byggðasafnsins, þá teljum við það mjög góða lausn að nýta fjármagnið á þann hátt að húsnæðið verði byggt sem bráðabirgðarkennsluhúsnæði og nýtt síðar fyrir Byggðasafnið okkar. Húsið er teiknað með það í huga að það falli vel að gömlu húsaþyrpingunni í Neðstakaupstað, en að innra fyrirkomulagi fullnægi það öllum kröfum um kennsluhúsnæði. Við hefðum getað farið þá leiðina að kaupa lausar kennslustofur og sett þær þarna niður og selt síðan með einhverjum afföllum síðar meir, en þessi kostur var valinn og mun húsið verða nýtt til þess að varðveita muni Byggðasafnsins sem nú eru ekki aðgengilegir almenningi til sýnis vegna aðstöðuleysis á lofti Sundhallarinnar við Austurveg.

Að taka ábyrgð á gjörðum sínum!

Já Þorsteinn minn, það er nú með ábyrgðina eins og annað í lífinu, okkur er ekki alltaf gert kleift að standa við hlutina. Þannig var það í mínu tilfelli að mér var boðið ótiltekið sæti á lista sjálfstæðismanna og ég lýsti mig reiðubúna til að taka eitt af þremur efstu sætum listans,á grundvelli þess að við værum þrjú af starfandi bæjarfulltrúum listans sem ekki væru búin að gefa út að við værum hætt í pólitík. Ég fékk svör nokkrum dögum síðar, að ekki væri fylgi við mig innan uppstillingamefndar í neitt af þeim sætum, en mér boðið að skipa 17 sæti listans. Því boði hafnaði ég, þar sem ég taldi þá rétt að draga mig í hlé þar sem minna starfskrafta væri ekki óskað.

Ég vil minna á að það varst þú og Kristján Þór, fyrrum bæjarstjóri sem hélduð opinn blaðamannafundur þann 27. nóvember s.l. þar sem þar sem þið slituð meirihlutasamstarfinu en ekki ég eða Jónas Ólafsson.

Þannig að öllum má ljóst vera að, þær dylgjur sem þú og aðrir sjálfstæðismenn viðhafið nú um ábyrgðarleysi núverandi bæjarfulltrúa eru vísvitandi rangar og þar að auki ódrengilegur málflutningur**.**

Á framboðslista sjálfstæðismanna er Jónas Ólafsson í heiðurssætinu, á lista framsóknar er Kristinn Jón Jónsson, á lista bæjarmálafélagsins eru Guðrún Á. Stefánsdóttir og Sigurður R. Ólafsson. Þeir bæjarfulltrúar sem ekki eru á framboðslistum eru; Smári Haraldsson, sem var löngu búinn að taka sínar ákvarðanir , ég er þetta rita og Halldór Jónsson.

Kolbrún Halldórsdóttir, bæjarfulltrúi Ísafjarðarbæjar fyrir Sjálfstæðisflokk.

Guðrún Hólmsteinsdóttir, annar maður á lista Framsóknarflokks skrifar

Lítum björtum augum á framtíð Ísafjarðarbæjar

Ágætu bæjarbúar.

Senn líður að kosningum. Eflaust eru margir sem velta því fyrir sér hver þessi unga kona í 2. sæti lista framsóknarflokksins er og hvaða erindi hún telji sig eiga í bæjarstjórn.

Ég fæddist í Reykjavík 13. maí 1970. Ég ólst upp í Háaleitishverfinu og er því Framari. Ég er stúdent frá Verslunarskóla Íslands. Lauk námi í lögfræði við Háskóla Íslands vorið 1996.

Þegar Guðni Jóhannesson talaði fyrst við mig um það hvort ég væri til í að koma í framboð fyrir Framsóknarflokkinn þá leist mér nú ekki mjög vel á það. Ég hugsaði málið í nokkum tíma og ákvað svo að slá til þar sem ég taldi að ég hefði ýmsar hugmyndir um stjórn bæjarins. Ég taldi að ég gæti gert eitthvað gott fyrir Ísafjarðarbæ.

Ég flutti til Ísafjarðar haustið 1994. Frá þeim tíma til vorsins 1996 stundaði ég mitt nám að mestum hluta hér á Ísafirði. Með þessa reynslu veit ég að það er möguleiki að stunda fjarnám einkum þar sem aðgengi að upplýsingartækninni er orðin almennarri í dag. Fjarnám skiptir miklu máli fyrir byggðalag eins og Ísafjarðarbæ. Ég mun því beita mér fyrir því að íbúum Ísafjarðarbæjar standi til boða bestu hugsanlegu aðstæður til þess að stunda fjarnám.

Ný fyrirtæki eru að skjóta upp kollinum hér eins og annarsstaðar á landinu. Ég tel að ný bæjarstjórn eigi að beita sér fyrir því að gera Ísafjarðarbæ að aðlaðandi stað til að hefja atvinnurekstur í, ásamt því sem við verðum að hlúa að þeim fyrirtækjum sem fyrir eru. Með því tel ég að við ættum að geta fjölgað fólki hér á næstu árum. Það geta ekki allir búið á stór Reykjavíkursvæðinu. Hið opinbera hefur verið að flytja ríkisfyrirtæki út á land og ætlar sér að gera meira af því. Stjórn bæjarfélagsins verður að tryggja okkur væna sneið af þeirri köku.

Einnig þarf að taka fjármál bæjarfélagsins föstum tökum. Ég vil að staðið verði við þær rekstrar-og fjárfestingaáætlanir sem gerðar eru. Þá tel ég að fjárhagur bæjarsjóðs sé ekki í stakk búinn fyrir miklar framkvæmdir á næsta kjörtímabili. Í staðin eigum við að laða fólk til bæjarins. Það þarf ekki að kosta svo mikið ef við hugum að því að með nýju fólki aukast tekjur bæjarsjóðs.

Guðrún Hólmsteinsdóttir.

Stjórnsýslan er alltaf að verða víðáttumeiri. Haldin eru námskeið hjá Háskóla Íslands í opinberri stjórnsýslu þannig að yfirmenn stofnana og aðrir starfsmenn stjórnsýslunnar verði betri starfsmenn. Ég er nú ekki að mælast til þess að öll bæjarstjórnin fari á slík námskeið. Bæjarstjórnin á samt sem áður að vera leiðandi með virka stjórnsýslu þannig að allir íbúar séu sáttir við störf hennar og bæjarins í heild. Ég mun því beita mér fyrir því að stjórnsýslan verði sem best hér í Ísafjarðarbæ og að öll þjónusta bæjarfélagsins í heild verði aukin og gerð skilvirkari. Ég tel að unnt sé að gera þetta án þess að þurfi að koma til verulegrar aukningar á rekstarkostnaði. Við getum alltaf gert betur.

„Íbúar Ísafjarðarbæjar, við þurfum að standa saman og líta björtum augum á framtíð bæjarfélagsins ef við ætlum að búa hérna áfram. Við uppbyggingu bæjarfélags skiptir bjartsýni og áhugi fólksins á staðnum miklu máli. Kjósið því rétt í kosningunum 23. maí nk. þannig að við stöndum uppi eftir kosningar með góða bæjarstjórn."

Guðrún Hólmsteinsdóttir, 2. maður á lista Framsóknarflokksins í Ísafjarðarbæ.

Pétur Guðmundsson frá Ófeigsfirði skrifar

Lítill pistill ætlaður Smára Haraldssyni og sitthvað fleira

Það ku vera hinn versti dónaskapur að kíkja í annarra bréf, en af því að það var opið, þá gat ég ekki að því gert, að ég svalaði forvitni minni. Og þó að mér komi það ekki beint við, þá ætla ég aðeins að skipta mér af einkaskrifum þínum Smári Haraldsson líffræðingur, framhaldsskólakennari og hreppsnefndarmaður á Ísafirði, til Indriða Aðalsteinssonar á Skjaldfönn, í Vestra þann 22.apríl sl.. Þú kvartar þar yfir skoðanabræðrum Indriða og segir þá aðeins hvæsa og urra á þig, það má vel vera að það sé þín tilfinning þegar þú ert átalinn **réttilega**. En hitt er verra að þú skulir ekki nafngreina þá sem þú átt þar við.

Af því að mér var kennt það í æsku, að ef manni yrði eitthvað á, eða gerði eitthvað af sér, þá skyldi maður viðurkenna yfirsjónir sínar, ætla ég að viðurkenna það strax, að ég hringdi í þig í byrjun febrúar sl. og ég kynnti mig, svo líklega er það ekki ég sem hvæsi. Ég spurði þig reyndar umbúðalítið að því ,,hvort þú hefðir lagt fram í Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar, tillögu sem gengi gegn þingsályktunartillögu Vestfjarðaþingmanna um tilraunaveiðar á ref og mink.” Síðan spurði ég þig “hvaða rök þú færðir fyrir þessari vitleysu”. Þú játaðir því, að þú **„hefðir borið tillöguna upp”,** en um rökin kvaðst þú ,,ekkert hafa við mig að tala,” vísaðir á fyrirhádegisbæjarstjóra, Kristinn Jón Jónsson, og skelltir síðan á. **Svona var það.** Má vera að ég hafi verið full hryssingslegur fyrir þínar fíngerðu tilfinningar, en ég ætla ekki að biðjast afsökunar á því.

Reyndar er ég sammála því að það á ekki að hefja tilraunaveiðar á ref og mink. Það á að hefja **alvöruveiðar með það að markmiði að fækka ref stórlega og útrýma minknum.** Þess vegna er ég dálítið undrandi þegar ég sé í bréfi þínu til Indriða á Skjaldfönn að þú hafir **samþykkt** þessa tilögu. Skyldi einhvern undra þó þú samþykkir þína eigin tillögu? Ég held að þetta sé það næsta sem þú getur farið því að afneita henni. Þú þorir ekki að viðurkenna mistökin, eins og þér væri sæmilegast að gera, en ég átti nú svo sem ekki von á því. Þú reynir að gera lítið úr okkar áliti á tillögu þinni og segir tilfinningar einar ráða skoðunum okkar. Að vissu leyti er það rétt, að tilfinningar hafa áhrif á skoðanir okkar, við höfum samúð með þeim smáfuglum sem lenda óverðskuldað í kjafti vargfugla og villidýra.

Ég mun hér eftir sem hingað til, standa með smáfuglum og lítilmögnum á móti mink, ref og öðrum skaðræðisdýrum í friðlandinu og annarsstaðar sem þörf er. Við þurfum ekki rannsóknir til að komast að því, að þessi kvikindi valda tjóni. Það **þarf rannnsóknir** til þess að komast að því, á hvern hátt megi lágmarka það tjón sem þau valda. Og að sjálfsögðu til að fræðast betur um lifnaðarhætti þeirra. Og rannsóknum hef ég aldrei verið á móti. Það hefur komið fram áður, að í sumar eiga að fara fram rannsóknir á ref í friðlandi Hornstranda. Það er bara engan veginn nóg að skoða refinn, það þarf að skoða lífríkið í heild sinni en ekki bara refinn. Því sé það ekki gert, stendur það eftir að enginn veit neitt um hvaða áhrif friðun minks og refs hefur á lífríkið í heild. Það væri verðugt verkefni fyrir bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar að afla til þess fjár, og gera með því yfirbót.

Og áður en lengra er haldið. Refur er allt annað dýr en minkur. Ég ber virðingu fyrir refnum og vil alls ekki útrýma honum, en ég vil ekki láta hann ganga yfir okkur óheft, en minkurinn er aðskotadýr í íslenskri náttúru sem engan veginn getur talist æskilegt. Í mínu ungdæmi var aldrei talað um að að drepa ref, nema um dýrbít væri að ræða, ég held þeirri málvenju og tel það sýna hvað best þá virðingu sem ég ber fyrir náttúrunni. Ég veiði refinn en drep minkinn og svartbakinn.

Með greinum okkar Indriða voru birtar myndir af nokkrum skaðvöldum í náttúrunni og tveimur veiðimönnum. Það var vel við hæfi að það skyldi vera birt mynd af einum slíkum skaðvaldi með bréfi þínu. Því að ég veit að í æðarvörpum og selalátrum eru mennirnir allra kvikinda verstir, hvaða aðferðum sem þeir svo beita til að eyðileggja þau.

Fé sem kemur í Veiðikortasjóð er meðal annars ætlað til rannsókna á villtum dýrum. Það eru allt aðrir peningar en lagðir eru til fækkunar á ref og mink og útdeilt er af Alþingi. Ég ætla að biðja þig um að blanda því ekki saman, því að með því að friða ref, mink og vargfugla á Hornströndum og afla á þann hátt fjár til rannsókna, þá er verið að fara beint í æðarvörpin hjá Kristni á Dröngum, Jónasi í Æðey, mér og fleirum sem hafa tekjur sínar og lífsviðurværi af því að **hlúa að náttúrunni**.

Ef það er ætlunin, munum við að sjálfsögðu sækja að þessum sömu peningum, þ.e. Veiðikortasjóði, til að standa straum af kostnaði við að halda óværunni í skefjum. Reyndar er spurning um það hvort ekki sé ástæða til að nota rannsóknarfé Veiðikortasjóðs til að finna leið til að útrýma mink í landinu, og að sjálfsögðu á að gera þær kröfur til þeirra sem ala kvikindin í búrum að þeir gangi svo frá minkahirslum sínum að þaðan geti þeir aldrei sloppið. Og spara til allrar framtíðar það fé sem annars fer til fækkunar á kvikindinu. Af hverju skyldi vera lögð áhersla á að drepa villiketti á Ísafirði og víðar í þéttbýli, og reyndar allstaðar þar sem þeir finnast? Það skyldi þó ekki vera vegna þess, að þeir útrými smáfuglum sem eru augna- og eyrnayndi þéttbýlisbúans.

Það líður að því að ég fari norður á Strandir og verður það mitt fyrsta verk sem ætíð, að freista þess að drepa sem flesta minka og svartbaka og veiða tófur, jafnt þó það séu gæludýr ykkar þar vestra, til þess að verja varpið og gefa æðarfuglinum og öðrum friðsömum fuglum tóm til að koma upp ungum sínum.

Nú nýverið var í útvarpsviðtali einhver snillingur, ég veit því miður ekki hver það var, og mun hann hafa talað fyrir friðun svartbaks. Sá veit líklega ekki að í áratugi var svartbakur stríðalinn við hvert einasta fiskvinnslu- og sláturhús og eru enn á fjölmörgum ruslahaugum, hvaðan þeir bera sýkla í vatnsból og víðar. Og enn eru þeir aldir aftan við nær öll fiskiskip. Það er líklega ofvaxið skilningi þessa manns og sjálfsagt þínum líka og ef til vill fleiri, að það hafi áhrif á lífríkið að stofnar vargfugla séu á þennan hátt styrktir. Það að mönnum skuli detta í hug að svartbakur og ég hef heyrt talað um hrafn líka, séu í útrýmingarhættu er alveg ótrúlegt, þeir piltar sem þannig tala eru vægast sagt ótrúverðugir fulltrúar líffræðinnar.

Sennilega hafa þeir einhverjar upplýsingar úr skýrslum Veiðistjóraembættisins. Ég hef hitt menn sem eru vissir um, að það verði settur kódi á ýmsar tegundir, svo sem rjúpu og gæs, og verði betra þegar þar að kemur að hafa gott innlegg í skýrslum embættisins. Þeir treysta ekki nafnleynd sem lofað var, og eru þess reyndar fullvissir að allar veiðitölur séu geymdar á nafni, og verði notaðar þegar þar að kemur, og semja skýrslurnar eftir því. Þeir tóku sem dæmi, að skoðanakönnun sem embættið framkvæmdi var þannig upp sett að, spurningar voru annars vegar á blaðinu en nafn viðkomandi prentað á hina hliðina. Ég persónulega svaraði ekki þeirri skoðanakönnun nema að mjög takmörkuðu leiti, einmitt vegna þess að nafn mitt var prentað á bakhliðina, mig minnir að ég hafi einungis svarað því hvaða stærð ég vildi hafa á veiðikortinu. Líka hef ég heyrt menn segja frá því, að þeir hafi sett jafnvel nokkur hundruð hrafna og svartbaka á skýrsluna að gamni sínu, líka aðra sem aldrei setja hvorki hrafn né svartbak á skýrsluna. Að öllu þessu samanlögðu dreg ég mjög í efa trúverðugleika veiðiskýrslna embættisins. Í mínum augum eru þær ónýt plögg og einskis virði, vitlausar skýrslur eru verri en engar.

Að lokum legg ég til að skúmurinn verði ófriðaður allan þann tíma sem hann er hér við land, ekki bara gefin staðbundin leyfi til að fæla hann úr æðarvörpum eftir varptíma eins og gert hefur verið, a.m.k. gildi það utan Skaftafellsýslna.

Að óbreyttu mun ég ekki hirða frekar að eiga málþing við þig. Þú kýst frekar að sitja það með Indriða á Skjaldfönn og sjái hann fyrir þér.

Pétur Guðmundsson.

Árni Þór Árnason á Ísafirði skrifar

Áskorun til frambjóðenda

Kæru Ísfirðingar. Halló er einhver heima? Þetta fara að vera einskonar baráttuorð þeirra sem geta ekki lengur þagað yfir þeirri skammsýni sem virðist ríkja hjá Vestfirðingum í dag. Ég las fyrir stuttu grein í BB eftir Þorstein lækni, þar sem hann hefur miklar áhyggjur af því hvernig bærinn ætlar að ráða við of mörg verkefni í einu. Hann fullyrðir að það komi til með að setja bæinn á hausinn.

Um að gera að taka nóg af lánum og reisa eins mikið, eins fljótt og hægt er. Hvað er það versta sem getur gerst? Að bærinn fari á hausinn? ,,So what?”. Förum við þá ekki bara fram á nauðasamninga, losnum við 80-90% af skuldunum og þurfum ekki einu sinni að selja jeppana okkar. Nei, ég er ekki í alvöru að mæla með slíku. Við hljótum að þurfa að halda okkar reisn. Ég ætla ekki að halda því fram að ég hafi þá kunnáttu sem þarf til að reka þetta bæjarfélag en ég held hins vegar að það sé kominn tími til að finna einhvern (einhverja) sem er hæf(ur) í það. Þó að grunnskólinn sé mikilvægt málefni, þá held ég að það leysi sig sjálft ef fólksfækkunin heldur áfram eins og verið hefur.

Það hlýtur að þurfa að laða að fleiri framleiðslufyrirtæki. Auka framleiðni og minnka kostnað er mottóið hjá öllum þeim sem reka fyrirtæki í dag. Það sama hlýtur að gilda fyrir Ísafjarðarbæ. En ef við minnkum kostnað án þess að auka framleiðsluna, gefur það auga leið að þjónustan á staðnum fer minnkandi. Eru Ísfirðingar sáttir við það?

Ég skora á þá sem eru að bjóða sig fram til að reka þetta bæjarfélag til að koma með raunhæfar og skýrar tillögur um hvernig hægt er að auka framleiðslu og laða fleiri fyrirtæki hingað vestur. Mér er sama í hvaða flokki frambjóðandinn er ef hann veit hvað hann er að gera.

Þakkir fyrir birtinguna.

Árni Þór Árnason.

Starfskraftur óskast

Starfskraftur óskast í sérverslun á Ísafirði. Um er að ræða u.þ.b. 70% starf. Viðkomandi þarf að geta byrjað fljótlega.

Allar nánari upplýsingar eru veittar í símum 456 3023 og 553 2434 eftir kl. 19.

Úra- og skartgripaverslun Axels Eiríkssonar, Ísafirði.

Sr. Gunnar Björnsson sóknarprestur í Holti í Önundarfirði skrifar

Nýskipan prestakalla og kirkjusókna á Vestfjörðum



Flateyrarkirkja.

Eitt sinn átti Vestfirðingafjórðungur drjúgan hlut að blómlegu þjóðarbúi Íslendinga og gat borið höfuðið hátt. Enn býr hér mikið dugnaðarfólk, en aðrar kringumstæður margar breyttar frá því sem áður var. Nú þarf að snúa vörn í sókn. Vestfirðingar eiga að njóta nálægðar sinnar við gjöful fiskimið á ný.

Stórkostleg fólksfækkun hefur sem kunnugt er orðið á Vestfjörðum á undanförnum árum. Hefur reynst erfitt að sporna við þeirri framvindu, allt um jarðgöng, sem nú tengja byggðirnar að norðanverðu. Hverju gegnir, að margir vilja ekki lengur búa hér? Hvar er fallegra, hreinna loft, betra að vera með börn, meira frjálsræði?

Þegar leyfi stjómvalda til þess að veiða fisk er bundið bát eða skipi, sem selt er kaupanda á öðru landshorni, þá minnst vonum varir, hefur um leið sá afli, sem fólkið í sjávarplásssinu hafði úr að spila. Verkafólkið fær ekki lengur hráefni að vinna úr í landi og það harðnar á dalnum.

Um leið og þessu fer fram, hefur íbúum fjölgað jafnt og þétt á suðvesturhorni landsins. Frá sjónarmiði þjóðkirkjunnar blasir við, að þar þarf að fjölga prestum og öðru kirkjulegu starfsfólki. Í nýjum lögum um stöðu, stjórn og starfshætti þjóðkirkjunnar er svo kveðið á, að hið opinbera taki að sér að greiða laun tiltekins fjölda presta. Þessar aðstæður kalla að sjálfsögðu á viðbrögð og nýja hugsun af hálfu kirkjunnar og endurskipulagningu starfs hennar. Hér sem annars staðar þurfa góðgimi og velvild að vísa veginn.

Hróflað við skipan kirkjusókna

Á norðanverðum Vestfjörðum eru nú sex prestaköll: Þingeyrarprestakall, Holtsprestakall, Staðarprestakall í Súgandafirði, Bolungarvíkurprestakall, Ísafjarðarprestakall og Vatnsfjarðarprestakall. Hinn 1. desember 1997 voru íbúar Ísafjarðarprófastdæmis 5.791. Munu þess dæmi syðra, að einum sóknarpresti sé ætlað að sinna um jafnmarga og jafnvel fleiri.

Það leikur varla á tveimur tungum, að Vestfirðingar mega búast við því á næstunni, að nokkuð verði hróflað við skipan kirkjusókna og prestakalla í fjórðungnum. Gildir það að sjálfsögðu einnig um Barðastrandarprófastdæmi, að breyttu breytanda. Má að vísu vænta þess, að kirkjulegum yfirvöldum verði sárt um að leggja niður sóknir, þar sem safnaðarfólk hefur sýnt kirkjunni ástsemi, rækt og alúð, áratugum og jafnvel öldum saman – og gerir enn.

Jafnframt er við því að búast að slík stakkaskipti muni ekki verða með öllu mótþróalaus af hálfu sóknarbarnanna. Best væri auðvitað, ef tækist að halda í þessi sex embætti prófastdæmisins. En fari svo, þvert á vonir heimamanna, að prestembættum verði fækkað um eitt eða jafnvel tvö, má reyna að sjá í anda hvernig kirkjulegri þjónustu yrði hagað eftir það. Sú gamla hugmynd er út af fyrir sig í fullu gildi, að meginaðsetur presta yrði sett miðsvæðis og prestaköllunum gömlu þjónað þaðan. Með gjörbyltingu á svið samgangna í huga og miðað við reglur Þjóðkirkjunnar um fjölda sóknarbarna á hvern sóknarprest í þéttbýli, er víst að alls ekkert er því til fyrirstöðu að framundan séu róttæk umskipti á fyrirkomulagi prestþjónustu hjá okkur.

Þannig má hugsa sér að prestar á Ísafirði, sem þá yrðu væntanlega fleiri en einn, en þó báðir sóknarprestar, gætu tekið að sér þjónustu við Bolungarvík, Suðureyri og Flateyri. Sóknarprestur á Þingeyri gæti auðveldlega þjónað Holts- og Staðarprestaköllum í Súgandafirði eða eitthvert eitt þessara þriggja embætta axlað þjónustu við annað eða jafnvel bæði hinna, til viðbótar eigin kalli. Ég ítreka að þessir þankar byggja á viðmiði Þjóðkirkjunnar um höfðatölu í þéttbýli. Er hætt við að annað yrði uppi á tengingnum og skafankar kæmu í ljós þegar til kastanna kæmi.

Sr. Gunnar Björnsson.

Vatnsfjarðarprestakall lagt af

Í Vatnsfjarðarprestakalli bjuggu 83 sálir um síðustu áramót. Það hefur um hríð gengið staflaust, að ekki sé langt þangað til að prestakallið verði aflagt í núverandi mynd, þótt vonir standi jafnframt til þess að prófastdæmið fái að halda prestembættinu, og mætti þá hugsa sér að prestsetur yrði í Súðavík og sóknarprestur í Álftafirði þjónaði að kirkjunum við Djúp, enda hefur safnaðarhugsun í Súðavík eðlilega hneigst nokkuð í sjálfstæðisátt.

Víst er þó, að mörgum góðum dreng myndi þykja sjónarsviptir að Vatnsfjarðarstað og dapurt í sveitinni, ef ekki yrði þar líf framvegis utan þessi eina sumarmessa, sem orðið hefur hlutskipti til að mynda Grunnavíkur og Aðalvíkur, fornra frægðarsetra í þeirri Íslandssögu sem einu sinni var. Hugsanlega mætti halda Vatnsfjarðarstað í byggð, en útvega sóknarpresti Djúpmanna jafnframt aðsetur í Súðavík, þar sem hann eða maki hans gætu e.t.v. stundað skólakennslu.

Óbreytt kirkjulegt barnastarf

Þegar litið er nánar á skipan kirkjusókna innan þessara prestakalla kemur í ljós, að hún tekur enn í dag mið af aðstæðum fyrri tíðar. En nú hafa sóknir með stórbættum samgöngum færst nær hver annarri og það svo að í sumum tilvikum, að vart getur talist verjandi lengur að halda í eldri háttu, sama hve vænt oss kann annars að þykja um fornan hugsunarhátt og gamalt skipulag með kærum minningum og þeim ómótstæðilega þokka, er þar fylgir.

Nefna má að í Þingeyrarprestakalli eru enn við lýði nágrannasóknirnar Sæbóls-, Núps-, Mýra- og Hrafnseyrarsóknir, allar orðnar æði fámennar. Í Holtsprestakalli hafa Holts- og Flateyrarsóknir nálgast mjög hvor aðra með stórbættum samgöngum og auknum samskiptum Önfirðinga í ýmsu tilliti, auk þess sem í Valþjófsdal er í Kirkjubólkssókn aðeins eitt heimili eftir, mikið myndarbýli í einni fámennustu sókn landsins. Í Súgandafirði hafa Staðar- og Suðureyrarsóknir þegar verið sameinaðar í eina. Þá mætti hugsa sér, að Hnífsdalssókn yrðu samsömuð Ísafjarðarsókn, eða jafnvel þénað frá Bolungarvík.

Þessar hugmyndir eru reifaðar hér til þess að ljóst megi vera, að nýjar aðstæður kunna að kalla á endurskipulagningu með bætta kirkjuþjónustu og raunar vakningu nýrrar aldar í huga. Eru í því efni ýmsar leiðir og margar allvel færar. En lífsnauðsyn er þó að hver nýskipan sé til bóta og hafi í för með sér sem allra minnst óþægindi og valdi umfram allt ekki skaða á högum þeirra er hlut eiga að máli, hvorki lærðra eða leikra, enda tilgangurinn sá að glæða kirkjustarfið aukinni gleði og gagnsemi og meira lífi. Undir engum kringumstæðum mætti draga úr kirkjulegu barnastarfi, því að þar er grundvöllurinn lagður, er alla ævi býr að. Þó þarf kirkjan einnig að eiga orð við þá, sem eru á léttasta skeiði. Það er fólkið, sem þyngstu byrðarnar ber. Það er fólkið sem þarf að öðlast nýja sýn.

Byltingarkennd nýmæli

Nú skal og höfð í huga sú þróun sem mjög hefur rutt sér til rúms til að mynda á höfuðborgarsvæðinu og nángrenni, en það er los á sóknarmörkum. Hafa Reykvíkingar, svo dæmi sé tekið, búið við mjög óglögg sóknarmörk áratugum saman. Búferlaflutningar milli hverfa og sókna í Reykjavík hafa ekki einlægt haft í för með sér breytingu á sóknaraðild nema á pappírnum, alls ekki í raun, svo að fólk hefur haft tilhneigingu til þess að halda áfram að starfa innan sinnar gömlu sóknar, þótt það hafi flutt heimilishús og utanáskrift í nýja.

Líka þekkist það, að fjölskyldur hafa kosið að fylgja presti sínum áfram, þótt breytingar yrðu á starfsvettvangi og verkahring hans. Minnir þetta að sumur leyti á skipulag fríkirkna. Víða í dreifbýli hafa landfræðilegar ástæður komið í veg fyrir þetta að mestu. Sóknarfólk í Ísafjarðarprófastdæmi hefur fyrir löngu tileinkað sér að nokkru þetta tímanna tákn, enda leita nágrannar Ísafjarðarprestakalls stundum eftir prestþjónustu þar; líka verður þess vart að fólk í Ísafjarðarprestakalli kjósi heldur þjónustu nágrannapresta eins og gengur.

Undirritaður hefur raunar löngum staldrað hugsi við svo byltingarkennd nýmæli. En þegar minnst er, að frelsi og val á flestum sviðum hefur mjög færst í aukanna á okkar dögum, miðað við sem var, má þegar grannt er skoðað, mikið vera ef þessar hugmyndir eru ekki allrar athygli verðar. Getur t.d. verið að trúrækni, kirkjugöngu og umhugsun sannra verðmæta og gilda í lífinu yxi fiskur um hrygg, ef þurrkuð væru út mörk prestakalla og hver og einn gæti vandræðalaust og af áhuga, alvöru og einlægni, sótt sér þar prestþjónustu sem hann sjálfur kýs? Glaðbeitt samkeppni frjálshyggjunnar myndi með öðrum orðum standa við dyr kirkjunnar og knýja á.

Eitt er víst: Hvernig sem staðið verður að nýskipan og endurskipulagningu kirkjustarfs á Vestfjörðum, leikur enginn vafi á því að framundan eru nýir og breyttir tímar. Vestfirðingar, sem aðrir landsmenn, munu fagna þúsund ára kristni í landinu með augun opin fyrir nýjum, spennandi og áhrifaríkum vinnubrögðum.

-Gunnar Björnsson sóknarprestur í Holti í Önundarfirði. Millifyrirsagnir eru blaðsins.

Húseign til sölu

Tilboð óskast í húseignina að Skólastíg 23 í Bolungarvík. Stór, gróin og girt lóð.

Upplýsingar gefur Sigríður Inga Elíasdóttir í síma 456 7526.

BLINDUR FÆR

Jón Þorberg Óttarsson er tíu mánaða drengur á Ísafirði, sonur Önnu Kristínar Hauksdóttur og Óttars Jónssonar í Sunnuholti 1. Hann er sérlega glaðvær og kátur krakki, athafnasamur og öflugur. Það sem greinir hann frá flestum jafnöldrum sínum eru þykk gleraugun og sú staðreynd, að fyrstu þrjá mánuði ævinnar var hann blindur, en fékk sjónina með guðs hjálp og góðra manna.

Þegar ég kem í heimsókn fagnar litli drengurinn gestinum vel, virðir hann fyrir sér litla stund, brosir til hans og veifar hendinni. Á meðan ég spjalla við foreldrana er Jón Þorberg litli hjá okkur, skríkir og hjalar og er hinn kátasti, og ekki örgrannt um að þess vegna sé stundum dálítið erfitt að heyra orðaskil hjá á segulbandinu. Þetta er ánægjulegasta truflun á segulbandsupptöku sem undirritaður man eftir. Bróðir hans, Örvar Ingi, sem er að verða sex ára, er álengdar að leika sér. Þeir bræður eiga síðan eldri hálfsystkini.

Fæddist með gulu og þroskaðist ekkert

Jón Þorberg er fæddur 10. júlí 1997. Þegar hann fæddist var hann með gulu og þess vegna þurfti hann að vera lengur á sjúkrahúsinu eftir fæðinguna en almennt gerist. Hann þurfti að fara í ljós og var lengi að taka við sér. „Við höfðum alltaf á tilfinningunni, að það væri eitthvað að honum“, segir móðir hans, „Mér fannst hann kveinka sér undarlega mikið þegar ég kom við hann, ekki síst þegar ég var að skipta á honum og losaði af honum líminguna á bleyjunni. Við vorum búin að hafa einhvern óljósan grun um það lengi að eitthvað mikið væri að honum, en það kom ekkert fram við venjubundnar ungbarnaskoðanir. Okkur fannst hann ekki þroskast neitt, hann hélt ekki höfði, var alltaf sama ungbarnið og lá bara í sænginni sinni.“

Beindi augum í áttina að hljóðinu

Óttar: „Það var svo einkennilegt, að hann svaf alltaf best þegar var einhver hávaði. Hann sofnaði ekki í þögn. Þar sem var umferð og hávaði, þar sofnaði hann. Hann virtist þurfa að heyra í fólki og vita af fólki til að geta sofnað.“

Anna: „Það er eins og þegar eitthvert skynfæri vantar, þá eflist önnur. Heymin hjá honum virðist hafa þroskast fyrr en gengur og gerist.

Hann var til dæmis farinn að hjala „mamma“ miklu fyrr en venjulegt er. Ég talaði alltaf við hann þegar ég var að annast um hann og sagði að „mamma“ væri að gera hitt eða þetta. Okkur grunaði samt ekki að neitt væri að sjóninni, því að þegar hann heyrði einhvern koma, þá horfði hann í áttina sem hann heyrði hljóðið og það var alveg eins og hann horfði á mann.“

Óttar: „Þegar við töluðum til hans, þá leit hann á okkur. Við vitum það núna að hann fór bara eftir hljóðinu, en okkur grunaði ekki neitt þá.“

Óttuðust að um andlegan vanþroska væri að ræða

Anna: „Óttar var á Orranum og það átti að vera síðasti túrinn áður en skipið færi í breytingarnar í fyrrahaust. Ég hringdi í hann seinni partinn í september og sagði honum að ég vildi drífa í því að fara með strákinn suður til sérfræðirannsóknar. Óttar sagði að ég skyldi ekkert vera að bíða eftir sér, heldur ætti ég bara að drífa mig með drenginn. Ég þurfti að fá tilvísun hér á heilsugæslunni hjá sérfræðingi í heila- og taugasjúkdómum fyrir sunnan. Það sem við óttuðumst var að drengurinn væri andlega vanþroska á einhvern hátt, því að okkur fannst hann alltaf vera alveg eins og þegar hann kom af fæðingardeildinni. Við fórum samt ekki hátt með þann ótta okkar. Svo er það bara daginn áður en ég fer með hann til læknisins hér, Hrafns V. Friðrikssonar – ég man að það var á fimmtudegi, en ég átti tíma hjá lækninum á föstudegi – að ég sit og er að horfa á hann og velta fyrir mér hvað geti verið að honum, en Örvar Ingi bróðir hans er að atast í kringum hann og sýna honum dót og tala við hann. Svo fer hann að sýna honum myndaspjöld og þegir á meðan. Þá sé ég að drengurinn missir allt samband um leið og þögnin kemur. Þetta fannst mér mjög merkilegt. Ég sótti litríkar myndir sem hefðu ekki átt að geta farið framhjá honum og prófaði að halda þeim fyrir framan hann í algerri þögn. Þá náði hann engu sambandi. Þegar ég fór svo til Hrafns daginn eftir bað ég hann að athuga augun í honum, því að ég héldi að það væri eitthvað mikið að sjóninni. Það vildi svo vel til, að þar var þá staddur augnlæknir sem kemur hingað vestur öðru hverju. Hrafn fór að athuga viðbrögð drengsins og sér að eitthvað er ekki eins og það á að vera, svo að hann kallar í augnlækninn. Hann kemur með tæki sín og þá kemur í ljós að drengurinn er trúlega alveg blindur. Þeir segja okkur að það geti verið ský á augunum, sem nú orðið er algengt að skera upp við.“

Á Barnaspítala Hringsins

„Þarna var ég búin að fá skýringu á ýmsum hlutum, þannig að ég fór að tala miklu meira við drenginn. En manni leið auðvitað afskaplega illa að þessi litla mannvera skyldi vera í algeru myrkri og ég gætti þess að tala alltaf við hann áður en ég snerti hann. Ég keyrði svo umsvifalaust með hann suður daginn eftir, á laugardegi, því að mér var sagt að hann yrði strax lagður inn á Barnaspítala Hringsins. Óttar var enn á sjónum þegar ég sagði honum þessar fréttir. Hann hringdi þá strax í mág sinn, Véstein Jónsson augnlækni í Kópavogi, en hann hafði samband vestur, talaði við læknana og kynnti sér málið og gerði okkur grein fyrir því sem hugsanlega væri hægt að gera í stöðunni. Það róaði okkur töluvert. Hann var okkur líka til stuðnings á meðan við vorum fyrir sunnan. Óttar var kominn suður á undan okkur mæðginunum. Hann fór í land á Seyðisfirði og flaug suður.“

– Þessi niðurstaða hefur væntanlega verið viss léttir, því að óvissan er jafnan eitthvað það versta í lífinu...

„Já, ég hafði oft verið með hann í vagni í bænum og hitti fólk og það var að spyrja hvernig gengi, og ég sagði bara að það gengi vel. Maður hefur tilhneigingu til að halda því dálítið fyrir sjálfan sig þegar mann grunar eitthvað alvarlegt, en veit ekki vissu sína, ég tala nú ekki um ef það er óljós grunur um andlega fötlun hjá barninu manns.“

Gallaðir augasteinar

„Þegar farið er að rannsaka drenginn fyrir sunnan kemur svo í ljós hvað þetta er alvarlegt með augun í honum, miklu alvarlegra en ef það væri ský á augum. Það voru teknar af honum blóðprufur og barnalæknirinn sagði okkur, að oft þegar eitthvað slíkt væri að sjóninni hjá barni væri líka eitthvað meira að. Okkur létti nú ekki beinlínis við að heyra það. Hann var látinn fara í sneiðmyndatöku á miðvikudegi, og þá gerum við okkur grein fyrir því hversu mikið var í húfi. Við hittum þá í fyrsta skipti augnlækninn sem átti að vera með hann, Guðmund Viggósson, og hann sagði okkur að augasteinarnir væru gallaðir og drengurinn væri alls ekki með neina sjón.“

Óttar: „Það var ákveðið að gera aðgerð á augunum, en fyrst þurfti að gera aðra aðgerð til þess að hreinsa gröft úr táragöngunum og strax í þessari sömu viku fór hann í þá aðgerð. Þetta þurfti að gera til þess að það kæmi ekki sýking þegar aðalaðgerðin yrði framkvæmd. Hún varð að takast í fyrstu tilraun. Læknirinn sagði einfaldlega: Maður fær ekki annað tækifæri. Ef þetta mistekst, þá er ekkert hægt að gera frekar. Nú eru aðgerðir af þessu tagi reyndar orðnar miklu minni og tæknilegri en áður var og minni hætta á fylgikvillum.“

Streitusöm nótt

Anna: „Guðmundur læknir sagði okkur að ekkert yrði til sparað, hvorki fagmenn né tæknibúnaður. Enda var valinn sérfræðingur í hverju hlutverki við þessar aðgerðir og ekki þeir sömu sem gerðu aðgerðina á táragöngunum og aðgerðimar á augasteinunum og engin áhætta tekin. Það var svo á þriðjudegi rúmri viku eftir að við komum suður sem augasteinsaðgerðin á fyrra auganu var framkvæmd. Það var lítið sofið nóttina áður, því að þá kæmi í ljós hvort fleira væri að en bara sjónin.“

Óttar: „Þeir höfðu náttúrulega séð að augasteinarnir voru gallaðir, en vegna þessara galla var ekki hægt að sjá hvort eitthvað væri að augnbotnunum líka. Ef sú hefði verið raunin, þá var vel hugsanlegt að ekkert hefði verið hægt að gera við því. En slíkt var ekki hægt að sjá fyrr en á reyndi. Það var streitusöm nótt fyrir aðgerðina að bíða eftir þeirri niðurstöðu. Maður svaf eiginlega ekkert. En þegar Guðmundur læknir kom fram eftir aðgerðina og sagði að allt hefði verið í stakasta lagi á bak við augað, þá var léttirinn óskaplega mikill, jafnvel þó að þarna hefði bara verið um annað augað að ræða.“

Læknirinn viðurkenndi eftir á, að...

Anna: „Hann sagði líka, að þegar annað augað væri í lagi að þessu leyti, þá væri hitt yfirleitt líka í lagi. Viku seinna fór drengurinn svo í aðgerðina á seinna auganu og Guð-

Gleraugun sett upp í fyrsta sinn, 15. október síðastliðinn.

Jón Þorberg í augnskoðun tveimur dögum eftir að hann fékk gleraugun.

SÝN

mundur læknir var ákaflega ánægður með hvernig til hefði tekist og sagði að þetta liti allt vel út. Hann viðurkenndi reyndar fyrir okkur eftir aðgerðirnar, þegar allt hafði gengið vel, að hann hafi haldið fyrst þegar hann sá barnið að það væri eitthvað meira að því, að það væri eitthvað andlega fatlað.

Þegar aðgerðirnar voru búnar fórum við nú að velta fyrir okkur hvernig barnið myndi líta út þriggja mánaða með gleraugu! Við gátum eiginlega ekki séð hann fyrir okkur með gleraugu.“

Inniljósið í bílnum

Aðgerðin á fyrra auganu var gerð 7. október og umbúðirnar teknar frá daginn eftir, þó að ekki fengi hann þó gleraugu strax. „En við sáum undir eins að hann var farinn að sjá að minnsta kosti einhverja glætu“, segir Óttar. „Maður sá greinilega breytingu á honum. Hann leit í kringum sig. Við höfðum alltaf kveikt ljós hjá honum á nóttunni og gerum það reyndar enn. Þó að hann sé kominn með sjón, þá leitar hann í öll ljós og horfir eftir þeim, hvar sem hann kemur. Ljósið hefur verið það fyrsta sem hann sá, þriggja mánaða gamall. Þegar við vorum að koma keyrandi vestur eftir aðgerðirnar vorum við seint á ferðinni og það var komið myrkur þegar við vorum að aka um Djúpið. Þá var hann alltaf vælandi og grátandi og við skildum ekkert hvað var að – þangað til ég kveiki inniljósið í bílnum. Þá þagnaði hann. Síðan keyrði ég með inniljós það sem eftir var og allt var í besta lagi.“

Aðgerðin á seinna auganu var gerð viku á eftir hinni fyrri eða 14. október og daginn eftir kom að því að Jón litli fékk gleraugu í fyrsta sinn. Þau voru síðan látin bíða vikutíma í Reykjavík til þess að sjá hvernig gengi og hvernig gleraugun reyndust, áður en þau færu vestur. „Okkur var líka kynnt starfsemin í Sjónstöð Íslands við Hamrahlíð, þar sem er þjónusta og endurhæfing fyrir sjónskerta. Við vorum dálítið slegin þegar við komum þangað. Þar byrjuðum við að fara upp í lyftu með blindraletri. Þegar við kynntumst þessum stað held ég að við höfum loksins áttað okkur á því til fulls hvað við vorum lánsöm að drengurinn okkar skyldi fá sjónina“, segir Óttar. „Þó að fólk læri að lifa við fötlun sína, þá vorum við óneitanlega svolítið miður okkar á þessum stað.“

Í marsmánuði var saga Jóns Þorbergs litla og lækning hans meðal þess sem greint var frá í þáttaröðinni Hver lífsins þraut á Stöð 2. Upptökurnar voru gerðar bæði þegar Jón Þorberg var á sjúkrahúsinu fyrir sunnan og síðan nokkru seinna.

Athafnasamur og forvitinn

Anna: „Þegar við komum suður vorum við strax spurð hvernig við hefðum komist að þessu, því að það væri mjög óvenjulegt að blinda uppgötvaðist svona snemma hjá ungbörnum, einmitt vegna þess að heyrnin blekkir svo mikið, því að augun leita alltaf þangað sem hljóðið kemur.“

Sjón Jóns litla mun smátt og smátt batna með tímanum, auk þess sem það tekur hann lengri tíma að læra að nýta hana en börn sem eru alsjáandi frá fæðingu. Hann byrjaði með gleraugu +26, sem eru þau sterkustu sem til eru, en núna í febrúar fór hann niður í +20. Svo fær hann enn ný gleraugu í sumar, eftir því sem sjónin breytist og batnar.

„Það er aðalvinnan mín að

Guðmundur Viggósson augnlæknir glaður í bragði með Jón Þorberg litla, viku eftir seinni aðgerðina.

þurrka gleraugun hans og sjá honum fyrir dóti. Hann er svo athafnasamur og forvitinn eftir að heimurinn opnaðist fyrir honum með þessum hætti. Það er eins og það sé hreint ekkert sem fer framhjá honum. Ég var að gefa honum skyr og það fór einn dropi á borðið og hann fór strax að hræra í dropanum með puttanum. Mér var ráðlagt að velja handa honum litríka hluti að leika sér að og hafa í kringum sig, eins og til dæmis rúmföt. Allt slíkt þroskar sjónina. Guðmundur læknir sagði við okkur: Hann er búinn að vera blindur og þess vegna nýtir hann þá sjón sem hann fær mun betur en fullorðinn maður sem verður sjóndapur, en sjónin getur aldrei orðið meiri en 50-70%“, segir Anna.

„Hann sér best nálægt sér, segir Óttar, en það sem er fjær sér hann eins og í þoku, þó að hann sjái hreyfingu. Um þriggja ára aldur á hann síðan að fá tvískipt gleraugu, til þess að sjá bæði nærri sér og frá sér.“

Fyrsta fjölskylduboðið var áfall...

„En það var eitt sem fylgdi aðgerðinni“, segir Anna. „Eftir að við komum heim fórum við í fjölskylduboð og þar var margt fólk og allir að heilsa honum og skoða hann og tala við hann. Þá fékk hann hreinlega sjokk, svitnaði og grét og var alveg óhuggandi. Við hringdum í Guðmund lækni og spurðum hvort þetta væri ekki bara heilbrigt, þar sem hann væri nýbúinn að fá sjónina. Hann sagði að þetta væri vissulega mikið áreiti fyrir hann að vera allt í einu farinn að sjá og við mættum búast við að það tæki nokkra mánuði fyrir hann að venjast því. Þess vegna ætti hann að vera á meðan sem mest í rólegheitum í sínu venjulega umhverfi og við skyldum ekki vera að fara neitt með hann. Þetta reyndist alveg rétt hjá Guðmundi, því að það er bara eitthvað um einn eða tveir mánuðir síðan drengurinn okkar breyttist í félagsveru, ef svo má segja. Núna mega allir tala við hann, hann er glaður og kátur að hitta fólk og breytingin er alveg stórkostleg. En það tók alveg fjóra til fimm mánuði.“

...en fermingarveislurnar skemmtilegar

„Ég fór með hann suður um miðjan mars og fór þar í tvær fermingarveislur. Ég var í miklum vafa hvort ég ætti að fara með hann þangað, því að við höfðum bara farið með hann hér á heilsugæsluna en annars verið með hann hérna heima. En ég ákvað að taka hann með, en ætlaði að fara strax með hann aftur ef honum virtist líða illa innan um allt fólkið. Þarna voru tugir af ókunnugu fólki og mikið skvaldur og hávaði, en hann var bara hress og kátur og klappaði saman höndunum. Ég fór svo með hann í hina veisluna líka og þar var sama sagan og allir máttu tala við hann. Þá var búið að sýna þáttinn um hann á Stöð 2 og þess vegna voru ennþá fleiri sem vildu heilsa upp á hann og skoða hann. Þetta var óskaplega mikil breyting. Hann er mjög glaðvær og síhlæjandi og virðist að okkar mati vera alveg búinn að vinna upp þann þroska sem skorti á í upphafi.“

„Hann er búinn að taka út allan þann þroska á síðustu mánuðum“, segir Óttar.

Dagamunur á þroska

„Áður en hann fór í aðgerðirnar spyrnti hann ekki einu sinni með fótunum þegar maður hélt honum uppi. Hann lá bara og hreyfði sig varla“, segir Anna. „Nú er hann farinn að sitja sjálfur og meira að segja kominn með sex tennur! Þroskinn kemur mjög hratt um þessar mundir. Við förum oft með hann til föðurömmu sinnar og henni finnst hún hreinlega sjá mun á honum daglega, liggur við. Nú er hann ekki hræddur lengur og orðinn alger félagsvera! Ef hann heyrir umgang er hann strax hlaupinn í göngugrindinni til að sjá hver er að koma inn.“

Óttar: „Þegar hann verður kominn á fermingaraldur, þegar augun eru orðin fullvaxin, er síðan ætlunin að gera á honum aðra aðgerð og setja í hann augasteina úr gleri og þá á hann að geta hætt að nota þykk gleraugu. Slíka aðgerð væri vissulega hægt að gera fyrr, en þá þyrfti alltaf að gera það með vissu millibili og skipta um augasteina eftir því sem hann stækkaði.“

Notar gleraugun til að ná athygli

Jón Þorberg er dálítið óþekkur með gleraugun og finnst gaman að naga þau, segja foreldrar hans.

Óttar: „Hann notar þau til þess að ná athygli. Þegar enginn er að tala við hann, þá rífur hann af sér gleraugun og fer svo að kalla. Þá veit hann að einhver kemur til hans.“

Anna: „En þegar ég tek þau af honum til að þurrka af þeim, eins og auðvitað þarf að gera oft á dag, þá fer hann aftur á móti að gráta. Eins og Guðmundur læknir sagði, þá elska þessi börn gleraugun sín ofar öllu, og þegar þau eldast, þá eru gleraugun það fyrsta sem þau grípa til þegar þau vakna á morgnana.“

Fleiri á skurðstofunni en þar sáust?

Umsjónarmaður þáttanna Hver lífsins þraut á Stöð 2 var Kristján Már Unnarsson fréttamaður, en hann heitir í höfuðið á ömmubróður sínum, Kristjáni heitnum Sveinssyni augnlækni. Hann mun hafa verið fyrsti maðurinn í heiminum til þess að framkvæma líffæraflutninga, því að hann byrjaði á því að græða hornhimnur í fólk. En svo vill til, að þegar föðuramma Jóns Þorbergs litla var ung, þá var hún heimilishjálp hjá Kristjáni augnlækni í Reykjavík. Svona er heimurinn lítill. „Og einmitt á meðan við vorum með drenginn fyrir sunnan“, segir Anna, „þá bar svo við að hún hallaði sér aftur á bak í sófanum eftir hádegið og dottaði og dreymdi þá Kristján heitinn, en hefur annars aldrei dreymt hann, hvorki fyrr né síðar á lífsleiðinni. Okkur datt í hug að ef til vill hefðu verið fleiri á skurðstofunni og vakað yfir verkinu en við sáum.“

Hlýjan og stuðningurinn...

Þau Anna Kristín og Óttar vilja koma á framfæri þakklæti til hinna fjölmörgu sem hafa hugsað hlýlega til þeirra á þessari erfiðu göngu litla drengsins og höfðu samband við þau meðan á þessu stóð og eftir það. „Hlýjan og umhyggjusemin og stuðningurinn sem við höfum mætt hjá fólki er alveg ótrúleg. Við vitum líka að það var beðið fyrir honum þegar hann var í aðgerðunum. Margir sem við höfðum aldrei hitt og þekktum ekkert hafa tekið okkur tali á förnum vegi og óskað okkur til hamingju með þetta kraftaverk.“

Og þegar tímar líða mun Jón Þorberg sjálfur geta lesið með eigin augum þetta litla ljóð frænku sinnar frá fyrstu jólunum sínum, hátíð ljóssins, þökk sé guði og góðum mönnum.

– Hlynur Þór Magnússon.

Þessu spjalli skal lokið með ljóði, sem Daniella Holm, þrettán ára bróðurdóttir Önnu samdi og sendi frænda sínum litla um jólin. Ljóðið er innrammað í stofunni á heimili þeirra:

Ljós lífsins

Eins og fugl sem byrjar
lífsgöngu sína,
lítill og óreyndur.

Svona komstu í heiminn,
lítill og óreyndur.
Þú komst í heiminn án ljóss.
Ekkert ljós þú hafðir.

Þú fékkst alla þá ást og
umhyggju
sem þú gast óskað.

Þetta ljós sem þú ekki hafðir
í fyrstu, kom með smá hjálp.

Núna sérðu, en alltaf muntu
minnast er ekkert þú hafðir.

ÍSAFJARÐARBÆR

KARTÖFLURÆKTENDUR ATHUGIÐ!

Nú líður senn að því að fólk fari að huga að kartöflugörðum sínum. Þeir sem ekki ætla að vera áfram með garðland á vegum kaupstaðarins, er vinsamlegast beðið að láta garðyrkjustjóra vita svo hægt verði að úthluta öðrum garðinum.
Svæðin verða plægð um leið og hægt verður að komast um þau með vinnuvél. Athugið að ganga snyrtilega um og skiljið ekki eftir plast eða drasl í og við garðlöndin. Mikilvægt er að fólk setji einungis viðurkenndar útsæðiskartöflur í garða sína til að komast hjá hættu á sjúkdómum og smiti.
Hægt er að hafa samband við garðyrkjustjóra milli kl. 08:00 og 09:30 á morgnana í síma 456 3443. Einnig er hægt að skilja eftir skilaboð hjá Ölmu og Þórdísi í síma 456 3722.

Garðyrkjustjóri Ísafjarðarbæjar.

AUGLÝSINGAR OG ÁSKRIFT SÍMI 456 4560

Kristján Pálsson, formaður Boltafélagsins skrifar

Knattspyrna og grunnskóli

Knattspyrna hér á Ísafirði hefur verið stunduð jafnlengi og elstu menn muna. Mér hefur verið tjáð að malarvöllur við Eyrargötu hafi verið tekinn undir byggingar 1962 með loforði um nýtt svæði undir knattspyrnu yrði búið til á Torfnesi. Það var ekki fyrr en 1978 sem þessir fótboltavellir á Torfnesi voru komnir í núverandi horf. Vallarhúsið var ekki komið í full not fyrr en 1992, og síðan hefur verið mjög öflugt starf hjá yngri flokkum BÍ og meistaraflokki þegar hann hefur verið og öðrum meistaraflokksliðum. Á þessu sést að erfitt hefur verið að fá fjármagn í þennan málaflokk í gegnum árin, samt hafa margir áhugasamir knattspyrnumenn verið í íþróttanefndum og bæjarfulltrúar á þessum tíma.

Nú í janúar kynnti bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar í fyrsta skipti BÍ og ÍBÍ ætlun sína að byggja nýjann grunnskóla á Torfnessvæðinu. Þessar framkvæmdir færu í gang í maí og BÍ ættu að fara úr vallarhúsinu og af malarvellinum 1. júní 1998. Í staðinn myndi bæjarstjórn skaffa nýtt svæði inn við Tungu samkvæmt nýju skipulagi af því svæði. Boltafélagið hefur svarað því þannig að það geti ekki farið af þessu svæði, nema með samkomulagi um að röskun verði ekki á starfsemi þess og annara meistaraflokksliða og skriflegt svar um hvernig uppbyggingu á nýju svæði verði háttað. Ég tel að það þurfi minnst 150. milljónir til að gera nýtt fótboltasvæði.

Miðað við það sem okkur hefur verið kynnt fer grasvöllurinn undir byggingar á næsta ári. Gert er ráð fyrir að til séu

Kristján Pálsson.

35 milljónir til framkvæmda á nýju svæði á þessu ári. Er það alveg tryggt að svo sé. Ég vona það að við getum reist nýtt fótboltasvæði í Tungu í stað Torfnessvæðisins, en ég vil sjá það á blaði að peningar séu tryggðir í það.

Ég er einn af þeim, sem finnst að við höfum ekki efni á að reisa nýjann grunnskóla og byggja nýtt fótboltasvæði samtímis. Það liggur fyrir samþykkt tillaga um framkvæmdir á Torfnesi, þar sem gert er ráð fyrir 2 grasvöllum og gert ráð fyrir að malarvöllurinn á Skeiði verði æfingavöllur. Þessi tillaga kostar 5 milljónir. Svo er talið að það kosti 2 til 3 milljónir að koma áhorfendasvæðinu í lag. Sem sagt 8 milljónir svo vallarsvæðið á Torfnesi geti verið í góðu lagi. Er til önnur lausn á málum grunnskólans en að byggja á Torfnesi? Ég vil sjá og heyra skýr svör hjá öllum frambjóðendunum sem nú bjóða sig fram til bæjarstjórnakosninganna í vor um þessi mál.

-Kristján Pálsson,
formaður Boltafélags
Ísafjarðar.

Þorsteinn Jóhannesson fimmti maður á D-lista sjálfstæðismanna í Ísafjarðarbæ skrifar

Vantar vinnu?

Fábreytni atvinnutækifæra stendur landsbyggðarsamfélögum fyrir þrifum.

ViðVestfirðingar höfum fengið að finna rækilega fyrir því, en segja má að atvinnuleysi hafi tæplega þekkst hér síðan á 6. áratugnum ef frá eru talin fáein tilvik. Þrátt fyrir það fækkar okkur á kostnað suð-vestur hornsins. Ekkert er eðlilegra en að spurt sé hvers vegna? Við eigum ekkert eitt algilt svar við þessari spurningu, ég tel þó að fábreytni atvinnutækifæra á svæðinu eigi hér stærstan hlut að máli.

Atvinnutækifæri

Sjávarútvegur og vinnsla sjávarfangs er og verður okkar undirstöðuatvinnuvegur. Á honum hefur tilvist okkar byggst. Með sameiningu smærri sjávarútvegsfyrirtækja sýnist manni að hér hafi orðið til stóriðjufyrirtæki 21. aldarinnar á Vestfjörðum. Þessi stóriðja hlýtur að kalla á breyttar áherslur hvað varðar kröfur til menntunar starfsmanna. Þetta þurfum við að nýta okkur bæði með því að mennta frekar þá starfsmenn sem eru í greininni svo og með menntun nýliða.

Hér gæti t.d. F.V.Í. riðið á vaðið og reynt í samvinnu við aðra skóla að koma hér upp deild, sem sérhæfði fólk til starfa t.d. í rækjuiðnaði, en hér stendur vagga þessa iðnaðar á Íslandi. Í skjóli sjávarútvegsfyrirtækjanna hafa framsýnir og hugmyndaríkir einstaklingar haslað sér völl með framleiðslu sinni bæði innan- og utanlands. Fyrirtæki s.s. Póls Rafeindavörur hf., 3x-stál hf. og Skipasmíðastöðin hf. eru hér nefnd til sögunnar sem talandi dæmi þess hvað hægt er að gera hafi menn hugmyndir, áræði og framtíðarsýn og ekki síður sem hvatning til annara athafnamanna. Það er skylda bæjaryfirvalda á hverjum tíma að hafa vakandi auga með að fá atvinnutækifæri í opinberri stjórnsýslu inn í bæjarfélagið, t.d. hafa Sjálfstæðismenn í bæjarstjórn lagt fram tillögu þess efnis að fá kvótaþing staðsett í Ísafjarðarbæ.

Mikil umbrot eiga sér nú stað í íslensku atvinnulífi, sem ekki krefjast nærveru raforkuvera eða annarra umhverfisaðstæðna sem ekki eru fyrir hendi hér og verðum við að halda vöku okkar og reyna allt sem hægt er til að fá hluta af þeirri köku hingað vestur Til að jafna möguleika allra til frekari atvinnutækifæra innan Ísafjarðarbæjar þarf að efla innanbæjarsamgöngur.

Bæjaryfirvöld hafa lýst yfir vilja sínum til að skapa hér aðstöðu fyrir s.k. fjarstörf tengdum tölvuvinnslu og ber að vinna að því.

Atvinnustefna Sjálfstæðismanna

Við Sjálfstæðismenn á bæjarstjórnarlista til kosninga þann 23. maí n.k. höfum kynnt stefnuskrá okkar, en þar má sjá markmið þau sem við höfum sett okkur og miða að framförum í bæjarfélaginu. Eitt þeirra er að við munum marka bænum sérstaka stefnu í atvinnumálum, sem horfir til framtíðar í því umhverfi, sem atvinnurekstur býr nú við.

Auk þess sem við munum reyna að treysta ennfrekar þjónustuhlutverk bæjarfélagsins við atvinnufyrirtækin, höfum við hugsað okkur að taka upp kerfi þar sem stutt er við núverandi fyrirtæki ætli þau sér að auka við þá starfsemi sem þegar er fyrir hendi og ný fyrirtæki sem vilja hefja starfsemi sína hér. Stuðningur þessi getur m.a. verið falinn í að veita afslátt fyrstu árin af þeim gjöldum sem bæjarfélagið innheimtir. Þá viljum við að Ísafjarðarbær beiti sér fyrir því, ásamt öðrum sveitarfélögum á svæðinu, að stofna sérstakan atvinnuþróunarsjóð, sem Atvinnuþróunarfélag Vestfjarða sæi um og veitti styrki til fyrirtækja sem væru í stækkunarhugleiðingum og nýrra atvinnufyrirtækja, sem kæmust í gegnum

Þorsteinn Jóhannesson.

nálarauga þeirra. Slíkir sjóðir eru a. m. k. til í tveimur landshlutum og hafa fyrir löngu sannað gildi sitt.

Það er löngu tímabært að Ísafjarðarbær marki sér skýra stefnu í atvinnumálum og munum við Sjálfstæðismenn gera það verði okkur veitt brautargengi í komandi kosningum. Þessa stefnu munum við auglýsa og freista þess að ná hingað atvinnurekstri til viðbótar við þann sem nú er hér. Við munum gæta þess að stefna sem þessi nái ekki síður til þeirra fyrirtækja, sem hér eru og eru lífæð bæjarfélagsins. Á þennan hátt teljum við m.a. að auka megi fjölbreytni atvinnutækifæra á svæðinu, sem er nauðsynleg til að styrkja jákvæða þróun byggðar. Við leitum eftir stuðningi þínum kjósandi góður til að þetta markmið megi nást.

Þorsteinn Jóhannesson 5. maður á D-listanum, lista sjálfstæðismanna.

Pólitísk lægð

Þegar tvö blöð pólitísku framboðanna í Ísafjarðarbæ eru komin út eru kjósendur litlu nær. Nú tíu dögum fyrir kosningar er ekkert kosningamál til umræðu. Vesturland Sjálfstæðisflokksins reyndist óþekkjanlegt ytra sem innra. Stefnuskráin, sem birt var aftan á blaðinu, hefði nánast komist fyrir á frímerki. Þó var hún ótrúlega efnismikil miðað við innihaldið. Stefnumarkandi greinar voru engar í blaðinu, nema það teljist stefna að hafa enga stefnu. Einnig kom út blaðið Vitinn. Ef það góða nafn telst réttnefni, þá lýsir hann engum, að minnsta kosti ekki í myrkri og stórhríð. En um bjartar sumarnætur má notast við týru.

Af Vesturlandi verður fátt ráðið annað en það, að enn virðist hús Norðurtanga vera uppi á borðinu varðandi úrlausn húsnæðis grunnskóla á Skutulsfjarðareyri. Oddviti sjálfstæðismanna, Birna Lárusdóttir, staðfesti það einnig í viðtali við sinn gamla vinnustað, Svæðisútvarp Vestfjarða. Því miður fyrir Sjálfstæðisflokkinn mun þessi lausn tæpast draga atkvæði að flokknum eftir orrahríðina í nóvember síðast liðnum.

Af baksíðu Vitans, sem óneitanlega var mun efnismeira blað með margfalt umsvifameiri stefnuskrá, í prentsvertu mælt, er kristalstært að ekki stendur til að flytja grunnskólann í Norðurtanga. Bræðing-urinn hefur lagt meira í blað sitt. Þó er stefnuskráin fáorð um það sem máli skiptir. Kjósendur hafa lítinn áhuga á kosning-um til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar. Sama virðist uppi á teningnum annars staðar á Vestfjörðum. Áhug-aleysið er mjög slæmt. Kosin er bæjarstjórn er fylgir okkur til nýrrar aldar. Hún á að leiða íbúana, ekki drösla þeim yfir aldamót. Alla reisn skortir og enn bólar ekki á metnaði.

Ábyrgð kjósenda

Lýðræðið er dýrmætt. Hins vegar hættir okkur Vesturlandabúum til þess að gleyma að rækta það með okkur. Hið áberandi, reyndar æpandi, pólitíska áhuga-leysi, sem við blasir nú á Vestfjörðum, er í hróplegu ósamræmi við umræður um slæmt ástand í atvinnumálum og íbúafækkun. Ef rætt er um Vestfirði og framtíð byggðar hér, ber fyrst á góma flestra kvótakerfið og brottflutningur kvótans. Í fréttum fjölmiðla ber hæst fækkun íbúa. Kjósendum hefur fækkað um nærri fimmtung frá sveitarstjórnarkosningum fyrir fjórum árum. Það er staðreynd. Það er einnig alvarleg staðreynd að kvóti og skip hafa farið héðan til annarra landshluta. Æði margir kjósendur telja ábyrgð þeirra sem þar hafa staðið að málum mikla.

Mörgum varð illa við þegar stolt Vestfjarðaflotans var selt og þrátt fyrir gefin loforð, að mati margra, hvarf skipið til Akureyrar með kvótann. Hann varð eftir hjá Samherja, en skipinu var flaggað út og er nú gert út frá Þýskalandi. Stjórnaformaður Samherja, Kristján Þór Júlíusson, fyrrverandi bæjarstjóri á Ísafirði, flutti á eftir og býður sig nú fram til bæjarstjórnar á Akureyri og jafnframt til bæjarstjóra. Í Bolungarvík bíða margir íbúar með öndina í hálsinum. Á þeim brennur spurningin hvað verði með framhald útgerðar og atvinnulífs.

Ekki verður séð að aðrir frambjóðendur en Bryndís Friðgeirsdóttir ætli sér að reyna að hafa einhver áhrif í þá átt að fá kvótakerfinu breytt. Ekki ber á því að kjósendur leiti svara við áleitnum spurningum sínum um kvóta og skip. Ekki ber heldur á neinum tilburðum frambjóðenda í þá átt að auka fjölbreytni atvinnulífs. Það litla sem rætt er snýst um grunnskóla og Norðurtanga.

Að því kemur á næstu dögum að kjósendur fái tækifæri til að komast í tæri við frambjóðendur. Útvarpsfundur er á döfinni. Þar fá kjósendur tækifæri til þess að krefja væntanlega bæjarfulltrúa svara. Ábyrgð kjósenda er sú að veita frambjóðendum og bæjarfulltrúum aðhald.

...fljótandi að feigðarósi

Því verður ekki trúað að frambjóðendur ali ekki með sér meiri metnað en hingað til hefur komið fram. Sú hugsun læðist illyrmislega að, að fátt sé hugsað af alvöru heldur fljóti menn sofandi að feigðarósi. Frambjóðendur hafa nú viku til þess að reka af sér slyðruorðið.

Að vísu má ekki gleyma Framsóknarflokknum. Enn hefur ekki verið dreift pólitískum boðskap B listans. En séu þeir samskipa hinum með metnaðinn er engin ástæða til að verja miklum tíma til að kynna stefnuskrá. Af framlagi D og K lista má ráða að vegna ótta við að þurfa að efna kosningaloforð sé einfaldlega valinn sá kosturinn að segja ekkert. K listinn leggur þó öllu meira upp úr því að nýju fötin séu ekki alveg gagnsæ.

Með öllu skortir frumkvæði og bjartsýni frambjóðendanna. Þeir gera enga tilraun til þess að hrífa kjósendur með sér. Allir vita að verulegur hallarekstur varð á bæjarsjóði Ísafjarðarbæjar árið 1997. Þá hljóp hver sem betur gat undan ábyrgð. En frambjóðendur nú geta ekki leyft sér það. Sjálfstæðisflokkurinn býður nýtt fólk í tveimur efstu sætunum. Neðar eru gömul og þreyttari andlit. Svipað er hjá K lista. Einhvern veginn hefði mátt búast við líflegri tökum ungra menntaðra kvenna. Vonandi láta konurnar á öllum listum til sín taka og koma fram með stefnu það sem eftir lifir fram að kosningum. Kjósendur vilja ný tök á bæjarmálum. En sem fyrr segir bera þeir einnig ábyrgð.

Kjarni málsins er þó sá, að frambjóðendur, einkum í efstu sætum, hafa boðið sig fram til leiðtoga. Kjósendur vilja sjá tilþrif fyrir kosningar. Annars hafa þeir ekki áhuga á því að kjósa.

-Stakkur.

Heiðar Birnir Torleifs skrifar

Framtíð Ísafjarðarbæjar

Það leikur enginn vafi á því að stækkun grunnskóla Ísafjarðar er lífsnauðsynlegt fyrir íbúa bæjarins, hvort sem það er með viðbótarbyggingu á núverandi stað eða hreinlega með byggingu nýs skóla. K-listinn talar fögrum orðum og með mikilli sannfæringu um að byggja eigi skólann á Torfnesi, og tala þau sem eru í forsvari fyrir listann, líkt og að bygging skóla þar sé langbesta hugmynd sem nokkrum manni hafi dottið í hug.

Með byggingu grunnskóla á Torfnesi telur K-listinn sig geta bætt flesta ef ekki alla þá þætti er lúta að skólamálum, og þar hljóta að teljast með uppeldis- og forvarnarmálin. Miðað við allt og allt í þessu bæjarfélagi, tæki það mörg ár að byggja nýjan skóla og með hliðsjón af því, þá er Torfnes eins og flestir vita, höfuðstöðvar knattspyrnumanna á Ísafirði. Finnst mér einkennilegt að á sama tíma og K-listinn talar um að bæta hið ofantalda, þá virðist hann hafa gleymt því að það eru 170 börn og unglingar sem stunda knattspyrnu á Ísafirði. Og virðist að fólk sem skipar listann ekkert hafa hugsað út í hvað eigi að gera við aumingja krakkana á meðan byggingarframkvæmdir standa yfir.

Finnst mér það ekki bera vott um miklar gáfur, að það mikla uppeldis- og forvarnarstarf sem knattspyrnan hefur verið að vinna að á síðustu árum, verði kastað fyrir borð. Það er eins og fólkið á listanum hafi ekki hugmynd um hvað hafi verið í gangi hjá knattspyrnunni, enda er það svo að þegar maður lítur yfir listann, þá eru þar ekki margir sem kenndir hafa verið fyrir íþróttir á einn eða annan hátt. Og þó svo að árangur í forvörnum og uppeldi megi að öllu rekja til íþrótta, og í þessu bæjarfélagi til knattspyrnunnar, því þar er öflugasta starfið, þá virðist sem þetta fólk viti einfaldlega ekki af því.

Reyndar er það engin nýlunda að knattspyrnan hér í bæ sé ekki inni á kortinu og m.a. hjá bandalaginu sjálfu og vita þeir sem lásu grein mína fyrr í vetur hvað ég á við. Reyndar er það svo svart að sjálfur íþróttafulltrúinn taldi mig vera að lýsa mig vanhæfan sem knattspyrnuþjálfara með þeim skrifum.

Sýnist mér að á D-lista sjálfstæðismanna sé fólk sem hefur þekkingu og dug til að vinna að málefnum þessa bæjarfélags með miklum ágætum. Þó svo að ég hafi alla tíð frá því ég náði fyrst meðvitund talið mig vera sjálfstæðismann, þá viðurkenni ég fúslega að flokkurinn hefur gert marga fáránlega hluti í gegnum tíðina, en ég er þeirrar skoðunar að það eigi að hugsa um framtíðina en ekki fortíðina og með það að leiðarljósi treysti ég Sjálfstæðisflokknum best til að stjórna þessu sveitarfélagi. Og það er einfaldlega vegna þess að þar er fólk sem að mínu mati horfir rétt til framtíðar og muni auðvelda starf okkar sem eru að reyna að stuðla að einhverri uppbyggingu hér í bæ.

-Heiðar Birnir Torleifs.

Golfklúbbur Ísafjarðar

Magnaður fagnaður

Golfklúbbur Ísafjarðar fagnaði tuttugu ára afmæli sínu á Hótel Ísafirði sl. laugardagskvöld, og var þar saman kominn fjöldi klúbbfélaga ásamt boðsgestum. Stofndagur klúbbsins var 6. maí 1978. Veglegt afmælisrit kemur út síðar í mánuðinum og verður því dreift endurgjaldslaust í hús á félagssvæðinu, sem er Ísafjarðarbær og Súðavík. Vísað skal í það rit um allt sem klúbbnum og starfi hans viðkemur, en myndirnar hér tala sínu máli um afmælisfagnaðinn.

Tryggvi formaður tekur við heillaóskum og gjöf frá fulltrúa Golfklúbbs Bolungarvíkur, Margréti Stefánsdóttur, en Bolvíkingar gáfu örbylgjuofn sem á eftir að koma sér vel þegar gylfingar koma inn úr kaldsömum barningi.

Magnús Reynir Guðmundsson þenur nikkuna (lét reyndar þau orð falla að hún væri ónýt).

Formaður Golfklúbbs Þingeyrar, Bjarni G. Einarsson, afhendir fána og stöng, sem stendur á dýrindis steini úr Meðaldal í Dýrafirði.

Núverandi formaður Golfklúbbs Ísafjarðar, Tryggvi Guðmundsson lögfræðingur, ásamt fyrsta formanninum, Margréti Árnadóttur textílhönnuði.

Þeir af stofnendum Golfklúbbs Ísafjarðar sem voru í afmælishófinu. Frá vinstri: Hafsteinn Vilhjálmsson, Sigurjón Guðmundsson, Halla Sigurðardóttir, Margrét Árnadóttir, Ruth Tryggvason, Björn Helgason og Ása Grímsdóttir.

Framhaldsskóli Vestfjarða tekur vélhermi í notkun

Eflir metnaðarfullt skólastarf

Á föstudag var formlega tekinn í notkun vélhermir í Verkmenntahúsi Framhaldsskóla Vestfjarða á Ísafirði. Hermirinn, sem er mjög fyrirferðalítill, nýtist vel við kennslu enda býður hann upp á sýndarveruleika með ýmsum hætti. Sem dæmi má nefna að hæt er að setja rúmlega 100 hugsanlegar vélarbilanir inn í hermirinn til að láta nemendur vinna úr. Notkun herma við vélstjórnarkennslu fer vaxandi og þykir mjög hentugur kostur og mun tilkoma hans í Framhaldsskóla Vestfjarða, efla enn frekar það metnaðarfulla skólastarf sem haldið er þar uppi.

Aðdragandi kaupanna hófst á fundi kennara í vélstjórnargreinum í fimm framhaldsskólum utan Reykjavíkur sem haldinn var í Keflavík árið 1996. Tilefni fundarins var umræða um kaup á ódýrum hermi til kennslu í vélstjóm, einkum á 1. og 2. stigi og varð niðurstaðan sú að fjórir skólar sameinuðust um kaup á fjórum vélhermum. Búnaðurinn kom til landsins í október á síðasta ári og hefur síðan þá verið unnið að því að fjármagna kaupin, en heildarverð hermisins er kr. 2.476.000.

Nokkrir aðilar hafa veitt skólanum fjárstyrk vegna kaupanna og nemur styrkur þeirra 1.510.000 krónum. Þetta eru fyrirtækin Orkubú Vestfjarða, Hraðfrystihúsið hf., í Hnífsdal, Básafell hf., Gunnvör hf., Íshúsfélag Ísfirðinga hf. og Bakki Bolungarvík hf. Þá hafa Ísafjarðarbær og Bolungarvíkurkaupstaður veitt styrk til kaupanna sem og nokkrir afmælisárgangar skólans. Vilja forráðamenn skólans færa framangreindum aðilum innilegar þakkir fyrir stuðninginn og þann hlýja hug sem þeir hafa sýnt skólastarfinu með gjafmildi sinni.

Guðmundur Einarsson umsjónarmaður Farskóla Vestfjarða við tölvuhermirinn.

Sjóminjasafnið á Ísafirði

Líkan af elsta Fagranesinu

Sjóminjasafnið á Ísafirði hefur fengið að gjöf vandað líkan af fyrsta Djúpbátnum sem bar nafnið Fagranes. Gefendur eru Hf. Djúpbáturinn, Ísafjarðarleið, Vélbátaábyrgðarfélag Ísfirðinga og Vélsmiðjan Þrymur og var gjöfin afhent sl. laugardag. Líkanið smíðaði hagleiksmaðurinn kunni, Grímur Karlsson í Ytri-Njarðvík. Þetta skip annaðist Djúpferðir í fulla tvo áratugi, frá 1943 til 1963, og reyndist alla tíð mikil happafleyta.

Skipið var byggt í Molde í Noregi árið 1934 sem farþega- og flutningaskip fyrir Leif Böðvarsson og fleiri á Akranesi og mældist þá 60 rúmlestir. Fimm árum síðar var það stækkað og mældist þá 70 rúmlestir. Upphaflega var í skipinu 150 ha vél en 1946 var sett í það 240 ha vél. Á árunum 1934-1942 var skipið í póstferðum milli Akraness og Reykjavíkur, en þá festi Hf. Djúpbáturinn kaup á því og árið eftir hóf það áætlunarferðir um Ísafjarðardjúp, til Jökulfjarða, norður á Strandir og vestur á firði og flutti farþega, vörur og póst. Einnig var skipið oft í vöruflutningum á milli Ísafjarðar og Reykjavíkur. Fagranesið elsta eyðilagðist í bruna árið 1963 og bar beinin inni í Reykjafirði í Djúpi.

Framkvæmdastjóri Hf. Djúpbátsins allan þennan tíma var Matthías Bjarnason, en skipstjórar á Fagranesinu eftir að það kom til Ísafjarðar voru Halldór Gunnarsson, Gísli Júlíusson, Ásberg Kristjánsson og fleiri.

Fulltrúar gefenda ásamt Matthíasi Bjarnasyni, fyrrum framkvæmdastjóra Hf. Djúpbátsins, alþingismanni og ráðherra. Frá vinstri: Reynir Ingason, núverandi framkvæmdastjóri Hf. Djúpbátsins, Jónas Pétursson frá Vélsmiðjunni Þrym, Hinrik Matthíasson frá Vélbátaábyrgðarfélagi Ísfirðinga, Kristinn Ebenezersson frá Ísafjarðarleið, Engilbert Ingvarsson, stjórnarformaður Hf. Djúpbátsins og Matthías Bjarnason.

Matthías Bjarnason afhendir Jóni Sigurpálssyni safnstjóra Sjóminjasafnsins á Ísafirði gjöfina.

Ísafjörður

Dánargjöf Hildar S. Jordan

Í nóvember í vetur lést Hildur S. Jordan flugfreyja af völdum slyss sem hún varð fyrir á heimili sínu í Reykjavík, fimmtug að aldri. Hún var Ísfirðingur að uppruna og hafði mælt svo fyrir, að listaverkasafn hennar skyldi að henni látinni ganga til Listasafns Ísafjarðar, gamlar brúður til Byggðasafns Vestfjarða og bækur til Bæjar- og héraðsbókasafnsins á Ísafirði.

Fimm ísfirskar vinkonur við hluta listaverkagjafar Hildar heitinnar Jordan. Frá vinstri: Jónína Einarsdóttir, Geirþrúður Charlesdóttir, Lára Gísladóttir, Amalía Kristín Einarsdóttir og móðir Hildar, Ásthildur Sigurðardóttir.

Á sunnudag afhenti móðir Hildar heitinnar, Ásthildur Sigurðardóttir, sem búsett er í Bandaríkjunum, hluta af listaverkasafninu hér á Ísafirði, þ.e. þær myndir sem eru tiltölulega litlar og meðfærilegar, en hin stærri verk verða send síðar. Meðfylgjandi mynd er tekin við það tækifæri og er Ásthildur þar í hópi nokkurra vinkvenna sinna frá fyrri tíð á Ísafirði.

Faðir Ásthildar og afi Hildar heitinnar var Sigurður Sigurðsson, kennari á Ísafirði, kunnur borgari á sinni tíð.

Fulltrúar nemenda í Grunnskólanum á Suðureyri afhenda bæjarstjórum Ísafjarðarbæjar undirskriftalistana að viðstöddum sóknarpresti sínum. Til hægri eru Jónas Ólafsson, bæjarstjóri, sr. Valdimar Hreiðarsson sóknarprestur á Suðureyri og Kristinn Jón Jónsson bæjarstjóri með plöggin.

Suðureyri

Nemendur vilja íþróttahús

145 íbúar í Súgandafirði, 12 ára og eldri, hafa skrifað undir áskorun til bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar um að byggt verði heppilegt íþróttahús á Suðureyri. Það eru nemendur í 6., 7. og 8. bekk Grunnskólans á Suðureyri sem hafa safnað undirskriftunum. Í áskoruninni segir, að nemendunum auk meirihluta íbúa á Suðureyri finnist það misrétti að allir aðrir íbúar Ísafjarðarbæjar njóti fyrsta flokks íþróttaaðstöðu meðan Súgfirðingar verða að láta sér nægja lítinn sal í félagsheimili sveitarinnar. Undirskriftalistamir hafa verið afhentar bæjarstjórunum í Ísafjarðarbæ.

Tónlistarskóli Ísafjarðar

Fimmtíu ára afmælistónleikar nemenda

Tvennir nemendatónleikar í tilefni 50 ára afmælis Tónlistarskóla Ísafjarðar á þessu ári verða haldnir í kvöld (miðvikudag) og á laugardagskvöld. Tónleikarnir í kvöld verða í Ísafjarðarkirkju og hefjast kl. 20.30. Þeir eru með sérstæðara móti, því að þar mun nemendakvartett leika á ýmis sjaldheyrð hljóðfæri frá miðöldum, en kennarar aðstoða. Efnisskráin er fjölbreytt og verða flutt verk frá liðnum öldum en einnig nútímaverk.

Efnisskrá tónleikanna á laugardag, sem hefjast kl. 16.00 í sal Grunnskólans á Ísafirði, er helguð tónlist frá hinu svonefnda rómantíska tímabili tónlistarsögunnar, eða árunum 1829-1900. Jónas Tómasson kynnir verkin og fjallar um nokkur helstu einkenni rómantíska stílsins.

Aðgangur að hvorum tveggja tónleikunum er ókeypis og öllum heimill.

KAUP & SALA

ÓKEYPIS SMÁAUGLÝSINGAR

Til leigu er einbýlishús á Eyrinni. Laust 1. júní. Uppl. í síma 453 6879 eftir kl. 19.

Til sölu er Mitsubishi **farsími,** ferðaeining með bílloftneti. Vel með farinn og selst á góðu verði. Uppl. í síma 456 8191 eða 456 8336.

Frestur til að sækja **óskilamuni** í Sundhöll Ísafjarðar er til mánaðarmóta.

Til sölu er sjálfvirk 24W **færarúlla**. Á sama stað er til sölu varmaskiptir. Uppl. í síma 456 3932.

Óska eftir **tvíburakerru** til kaups. Upplýsingar í síma 456 4361.

Boltafélag Ísafjarðar óskar að ráða **starfsmann** frá maí til september 1998. Æskilegt væri að starfsmaðurinn hefði þjálfarapróf eða hafi starfað sem þjálfari. Nánari uppl. hjá Kristjáni í símum 456 3201 og 456 3638.

Til leigu er 4ra herb. íbúð á Eyrinni. Laus frá 1. júní. Íbúðin er ný standsett. Uppl. í síma 456 3023.

Kettlingar fást gefins. Uppl. í síma 456 3106.

Óska eftir að kaupa bílstól með **handfangi** fyrir barn yfir 9 kg. Uppl. í síma 456 4842 eftir kl. 19.

Óska eftir að kaupa ódýrt sófaborð og sófa. Uppl. í síma 456 4842 eftir kl. 19.

Lítið notuð Suzuki **utanborðsmótor** til sölu. Uppl. í símum 456 3694 og 587 5164.

Til leigu er 3ja herb. íbúð að Stórholti. Uppl. í síma 456 4727.

Til sölu er **hornsófi** með tauáklæði sem lítur mjög vel út, einnig 500 ltr. frystikista á góðu verði. Uppl. í síma 456 3967.

Til sölu er sem nýr Emmaljunga **barnavagn** á kr. 10.000. Upplýsingar í síma 456 7567.

Til sölu er 120 m² íbúð að Hlíðarvegi 29 (efri hæð) á Ísafirði. Uppl. gefa Búbbi eða Sólveig í síma 456 3693.

Tapast hefur blá og græn Ozon úlpa nr. 140. Úlpan tapaðist á Hlíðarvegi. Uppl. í síma 456 3693.

Til sölu er 24 kW **hitatúpa** með innbyggðum spíral. Uppl. í síma 456 4627.

Nokia GSM sími **tapaðist** í mars. Finnandi er vinsamlegast beðinn að hafa samband við Arnar í síma 456 4044.

Til leigu er 3ja herb. íbúð í Stórholti. Laus strax. Uppl. í símum 564 5045 og 898 3834.

Til sölu er **einbýlishúsið** að Bakkastíg 9 í Bolungarvík. Á sama stað er til sölu 22" litasjónvarp og Nintendo tölva ásamt tveimur leikjum. Uppl. í síma 456 7564.

Til leigu eða sölu er einbýlishúsið að Hjallavegi 7 á Suðureyri. Gott hús á góðum stað. Uppl. í síma 554 6233.

Til sölu er **Sega Mega** Drive leikjatölva ásamt 7leikum. Uppl. í síma 456 3377.

Vil kaupa notaðan NMT farsíma, helst stafrænan en allt kemur til greina. Uppl. gefur í síma 456 7305.

Til leigu er lítil falleg 3ja herb. íbúð að Stórholti 11. Uppl. í síma 456 3424.

Tilboð óskast í húseignina að Hjallavegi 4 á Ísafirði. Gott hús á góðum stað. Mjög gott útsýni. Uppl. gefa Guðmundur eða Þorgerður í síma 456 3107.

Tveir **páfagaukar** fást gefins. Uppl. í síma 456 5960.

Nokkur hjól til sölu. Seljast ódýrt. Henta aldri 4-5 ára, 6-8 ára og 10-12 ára og eitt fullorðins. Uppl. í síma 456 4147.

Íbúð í toppstandi og **bíll** í góðu lagi seljast saman á kr. 950 þús. Uppl. í síma 456 3128 eða 894 7528.

Vegna brottflutnings eru eftirtaldar fasteignir til sölu

1. Árnagata 3 Ísafirði, sem er skrifstofu-, iðnaðar- og geymsluhúsnæði, alls 575 m². Í húsinu er rekið trésmíðaverkstæði og efnissala. Trésmíðavélar, tæki og lager er einnig til sölu.

2. Fagraholt 10, 141 m² einbýlishús ásamt bílskúr, sólstofu og frágenginni lóð.

3. Góuholt 10, 138m² einbýlishús ásamt bílskúr og frágenginni lóð.

4. Bakkavegur 25, 120m² einbýlishús ásamt stórum bílskúr og frágenginni lóð.

5. Seljalandsvegur 102 (Engi), 165 m² einbýlishús á tveimur hæðum ásamt stórri lóð. Frábært útsýni.

6. Urðarvegur 78, 97,8m², 3ja herbergja íbúð á 3. hæð. Mjög góðar innréttingar og góð sameign.

Upplýsingar gefa Ágúst Gíslason í vinnusíma 456 5500 og heimasíma 456 4160 og Björn Jóhannesson hdl., í síma 456 4577.

Húseign til sölu

Til sölu er húseignin að Holtabrún 8 í Bolungarvík. Tilboð óskast. Einnig er til sölu 125 m² iðnaðarhúsnæði að Mávakambi 5 í Bolungarvík. Tilboð óskast.

Upplýsingar í símum 456 7335 og 892 1435.

HEILBRIGÐISSTOFNUNIN ÍSAFJARÐARBÆ

Læknaritari

Heilsugæslustöðin á Ísafirði óskar eftir að ráða læknaritara í hálft starf frá 1. júlí nk. eða samkv. nánara samkomulagi. Vinnutími frá kl. 13:00-17:00. Sóst er eftir löggiltum læknaritara en þó kemur til greina að ráða í starfið ritara með staðgóða reynslu og þekkingu.

Nánari upplýsingar gefur Þóra Gestsdóttir, læknafulltrúi eða Guðjón S. Brjánsson, framkvæmdastjóri í vs. 450 4500.

Húsnæði fyrir starfsmann

Fjögurra til fimm herbergja íbúðarhúsnæði óskast fyrir einn af starfsmönnum Heilbrigðisstofnunarinnar, Ísafjarðarbæ. Leigutími að lágmarki 2 ár. Æskilegt er að íbúðin/húsið sé staðsett í nálægð við sjúkrahúsið.

Nánari upplýsingar veita Birgir Jónsson, yfirmaður eldhúss í vs. 450 4560 og hs. 456 4062 og Guðjón S. Brjánsson, framkvæmdastjóri í vs. 450 4500.

Fasteignir til sölu!

Til sölu er sumarbústaðurinn Blómsturvellir í Skálavík. Einnig íbúð á tveimur hæðum í tvíbýli að Vitastíg 9 í Bolungarvík og vöruskemma að Búðarkanti 2 í Bolungarvík.

Allar nánari upplýsingar gefur Ármann Leifsson í síma 456 7548 og 456 7148 á kvöldin.

Horfur á fimmtudag:
Suðvestan kaldi eða stinningskaldi. Rigning eða súld um sunnan og vestanvert landið.Hiti 7-15 stig.

Horfur á föstudag:
Suðaustan kaldi eða stinningskaldi og rigning um sunnan og vestanvert landið. Hiti 8-15 stig.

Horfur á laugardag og sunnudag:
Sunnan og suðvestan kaldi eða stinningskaldi og súld um sunnan og vestanvert landið en annars þurrt að mestu. Hiti 8-15 stig.

Arnar G. Hinriksson hdl.
Silfurtorgi 1 • Ísafirði • Sími: 456 4144 • Fax: 456 4243

Fasteignaviðskipti

Hef til sölu fasteignir víða á Vestfjörðum

Allar nánari upplýsingar eru veittar á skrifstofu

HELGAR sjónvarpið

FIMMTUDAGUR

09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaður
13.00 Rockford - Engin guðsgjöf
14.25 Sjónvarpsmarkaðurinn
14.45 Náttúruhamfarir (2:2) (e)
15.30 Mótorsport (e)
16.00 Eruð þið myrkfælin?
16.25 Með afa
17.15 Guffi og félagar
17.40 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Nágrannar
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Ljósbrot (29:33)
20.40 Systurnar (24:28)
21.35 Sundur og saman í Hollywood
22.30 Kvöldfréttir
22.50 New York löggur (2:22)
23.40 Rockford - Engin guðsgjöf
01.10 Mamma vinnur úti (e)
Áhrifarík sjónvarpsmynd um Abby Forman sem vinnur úti en þarf jafnframt að sjá um uppeldi sex ára sonar síns. Henni ferst það vel úr hendi og allt leikur í lyndi þar til fyrrverandi eiginmaður hennar, Ted, stefnir henni til að fá forræði yfir syninum.
02.40 Dagskrárlok

FÖSTUDAGUR

09.00 Línurnar í lag
09.15 Sjónvarpsmarkaður
13.00 New York löggur (2:22) (e)
13.45 Læknalíf (5:14) (e)
14.35 Sjónvarpsmarkaðurinn
15.05 NBA tilþrif
15.30 Ellen (22:25) (e)
16.00 Skot og mark
16.25 Guffi og félagar
16.50 Jói ánamaðkur
17.15 Glæstar vonir
17.35 Sjónvarpsmarkaðurinn
18.00 Fréttir
18.05 Ljósbrot (29:33) (e)
18.30 Punktur.is (1:10) (e)
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Hættulegt hugarfar (10:17)
21.05 Koppafeiti 2
(Grease 2)
23.10 Nornaklíkan
(The Craft)
Bandarísk bíómynd frá 1996 um fjórar skólastelpur á táningsaldri sem stofna nornaklíku í því skyni að leysa vandamál sín. Með því að beita göldrum og alls kyns kukli tekst þeim að leggja álög á óvini sína og ryðja úr vegi öllum hindrunum. En auðvitað fer þetta galdrabrölt úr böndunum og miskliið milli stúlknanna gerir illt verra.
00.55 Óttalaus (e)
(Fearless)
02.55 Ógnir í undirdjúpum (e)
(Crimson Tide)
04.50 Dagskrárlok

LAUGARDAGUR

09.00 Með afa
09.50 Smásögur
10.05 Bíbí og félagar
11.00 Ævintýri á eyðieyju
11.30 Dýraríkið
12.00 Beint í mark með VISA
12.25 NBA molar
12.55 Sjónvarpsmarkaðurinn
13.20 Slökkviliðið í Reykjavík
13.45 Enska bikarkeppnin
15.45 Lögregluskólinn 7 (e)
(Police Academy 7)
17.10 Ástríkur í útlendingaherdeildinni
18.30 Glæstar vonir
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Simpson-fjölskyldan (14:24)
20.35 Bræðrabönd (5:22)
21.10 Sá eini rangi
22.50 Föðurlandsvinir
01.10 Tímalöggan (e)
02.45 Á valdi hins illa (e)
04.10 Dagskrárlok

SUNNUDAGUR

09.00 Sesam opnist þú
09.30 Tímon, Púmba og félagar
09.50 Andrés Önd og gengið
10.15 Svalur og Valur
10.40 Andinn í flöskunni
11.05 Náttúran sér um sína (e)
11.30 Madison (33:39) (e)
12.00 Húsið á sléttunni (22:22)
12.45 Viðskiptavikan (12:12) (e)
13.00 Íþróttir á sunnudegi
16.00 Gillette sportpakkinn
16.25 Fremstur riddara (e)
18.35 Glæstar vonir
19.00 19>20
19.30 Fréttir
20.05 Ástir og átök (10:22)
20.35 Sporðaköst (6:6)
21.10 Dauðagljúfur
(The Place of the Dead)
23.00 60 mínútur
23.50 Nostradamus (e)
Víðfræg bíómynd um mesta spámann allra tíma, Nostradamus. Við kynnumst persónunni og spádómum sem hafa ræst. Fjallað er ítarlega um ævi Nostradamusar, baráttu hans við rannsóknarréttinn og kirkjunnar menn.
01.50 Dagskrárlok

HELGAR veðrið

HELGAR sportið

FIMMTUDAGUR

13.45 Skjáleikur
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Kói (2:21)
18.30 Grímur og Gæsamamma
19.00 Loftleiðin (4:36)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Frasier (8:24)
21.00 Saksóknarinn (12:22)
22.00 Leiðin til Frakklands (8:16)
22.30 Melónur og vínber fín (2:3)
23.00 Ellefufréttir
23.15 Skjáleikur

FÖSTUDAGUR

13.45 Skjáleikur
16.45 Leiðarljós
17.30 Fréttir
17.35 Auglýsingatími
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Þytur í laufi (40:65)
18.30 Úr ríki náttúrunnar
19.00 Fjör á fjölbraut (25:26)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.30 Listahátíð í Reykjavík 1998
20.50 Brennuvargar
(Harvest of Fire)
22.30 Sjórán á Norðursjó
(North Sea Hijack)

BÍLASÝNING

GLÆSILEGUR FLOTI Á LEIÐ UM LANDIÐ!

LANDROVER

RENAULT

HYUNDAI

Sonata **accent**

mégane opera

Gerið góð kaup á góðum kjörum!

Fjöldi frábærra sýningartilboða

Í NONNA BOLUNGARVÍK laugardaginn 16/5 kl. 13 - 18

ESSO ÍSAFIRÐI sunnudaginn 17/5 kl. 13 - 17

ÍSAFJARÐARBÆR

BÆJARSTJÓRNARKOSNINGARNAR 23. MAÍ 1998

Athygli er vakin á að á bæjarskrifstofum Ísafjarðarbæjar á Þingeyri, Flateyri og Suðureyri liggja frammi skrár yfir íbúa viðkomandi staða og nærsveita, sem eru á kjörskrá. Skráin liggur frammi á skrifstofutíma á viðkomandi stöðum frá 13. maí til 22. maí nk.

Bæjarstjórar Ísafjarðarbæjar.

HLÍF

21. maí, uppstigningadag, mun félagsstarf aldraða halda sína árlegu kaffisölu, kökubasar og sýningu á starfsemi vinnustofunnar.

Einnig mun vinnustofan verða opin 25., 26., og 27. maí kl. 13-16. Þar sem fólki gefst tækifæri til að skoða vinnuaðstöðuna.

Starfsfólk félagsstarfsins.

Opnunartími í Vídeóhöllinni

Frá kl. 16:00 til kl. 19:00 og frá kl. 20:00 til kl. 23:30alla daga

Nýjar myndir kr. 400,- (ein eldri frí með)

Mikið úrval af myndum og góð þjónusta!

Vandaðu til verks... ... verslaðu í Vídeóhöllinni

Vídeó Höllin – við Norðurveg

456 4853

TV 1000 GERVIHNATTA sjónvarpið

00.10 Saksóknarinn (3:22)
00.55 Útvarpsfréttir
01.05 Skjáleikur

LAUGARDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.30 Skjáleikur
13.45 Auglýsingatími
14.00 Kosningasjónvarp
15.30 Heimssigling
16.30 Heimsmeistaramótið í pílukasti
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Dýrin tala (33:39)
18.30 Hafgúan (21:26)
19.50 Veður
20.00 Fréttir
20.35 Lottó
20.40 Georg og Leó (3:22)
(George and Leo)
Bandarísk þáttaröð í léttum dúr um heiðviðan bóksala og klækjaref á flótta undan mafíunni sem tengjast nánum böndum þegar börn þeirra ganga í það heilaga.
21.10 Trúin flytur fjöll
(Leap of Faith)
Bandarísk bíómynd frá 1992 um farandtrúboða sem beitir tæknibrellum til að ginna auðtrúa fólk.
23.05 Kapalstöðin
(Videodrome)
00.35 Útvarpsfréttir
00.45 Skjáleikur

SUNNUDAGUR

09.00 Morgunsjónvarp barnanna
10.50 Skjáleikur
14.00 Kosningasjónvarp
15.30 Norræn guðsþjónusta
16.25 Kastljós
17.00 Í hæstu hæðum
17.20 Leiðin til Frakklands (9:16)
17.50 Táknmálsfréttir
18.00 Villiblómahöllin
18.15 Tómas og Tim (3:10)
18.30 Þrettándi riddarinn (2:6)
19.00 Allt í himnalagi (7:7)
19.30 Fréttir og veður
19.55 Hátíðartónleikar Listahátíðar í Reykjavík
Bein útsending frá hátíðartónleikum í tilefni af komu Margrétar II Danadrottningar á Listahátíð.Danski útvarpskórinn syngur undir stjórn Stefans Parkmans og Caput-hópurinn og Sigrún Eðvaldsdóttir frumflytja fiðlukonsert eftir Hauk Tómasson. Hljómsveitarstjóri er Guðmundur Óli Gunnarsson.
21.55 Helgarsportið
22.15 Út í bláinn
(Into the Blue)
Bresk spennumynd frá 1996 gerð eftir sögu Roberts Goddards. Englendingur er tekinn fastur eftir að stúlka hverfur á eynni Ródos. Hann flýr til Englands og reynir að grennslast fyrir um afdrif stúlkunnar. Leikstjóri er Jack Gold og aðalhlutverk leika John Thaw, Matthew Marsh og Abigail Cruttenden. Þýðandi: Guðni Kolbeinsson.
23.55 Útvarpsfréttir
00.05 Skjáleikur

TV2 NORGE · TV3 D+N+S · TV DANMARK · KANAL 5 SVERIGE · MTV EUROPE · DR2 DANMARK · CNN USA · NRK 2 NORGE · NRK 1 NORGE · BBC PRIME ENGLAND · CARTOON TNT - USA · CANAL+ NORGE DANMARK

Söluaðili gervihnattabúnaðar: Frum-Mynd, Sólgötu 11 Ísafirði, sími 456 5091

BEINAR ÚTSENDINGAR ERLENDRA SJÓNVARPSSTÖÐVA

TV 3 - NOREGUR

Fimmtudagur 14. maí kl. 13:55
Fimmtudagur 14. maí kl. 17:55
Laugardagur 16. maí kl. 12:55
Sunnudagur 17. maí kl. 12:55
Heimsmeistaramótið í Íshokký

NRK1

Miðvikudagur 13. maí kl. 18:40
Chelsea - Stuttgart
Laugardagur 16. maí kl. 13:40
Arsenal - Newcastle (FA CUP)

TV3 - DANMÖRK

Fimmtudagur 14. maí kl. 13:30
Fimmtudagur 14. maí kl. 18:00
Heimsmeistaramótið í Íshokký

TV 3 - SVÍÞJÓÐ

Föstudagur 15. maí kl. 17:30
Laugardagur 16. maí kl. 12:30
Sunnudagur 17. maí kl. 12:30
Heimsmeistaramótið í Íshokký

CANAL+ GULUR

Fimmtudagur 14. maí kl. 23:35
NHL í Íshokký
Föstudagur 15. maí kl. 00:10
NBA úrslitakeppni
Laugardagur 16. maí kl. 21:10
Golf LPGA
Sunnudagur 17. maí kl. 21:00
Golf LPGA

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

ÓHÁÐ FRÉTTABLAÐ Á VESTFJÖRÐUM

Bæjarins besta

Stofnað 14. nóvember 1984 • Sími 456 4560 • Fax 456 4564 • Netfang: hprent@snerpa.is • Verð kr. 200 m/vsk

BÍLATANGI
Ísafirði
Símar 456 3800 og 456 4580

Hraðfrystihúsið hf., í Hnífsdal skilaði rúmlega 179 milljóna króna hagnaði á síðasta starfsári.

Hraðfrystihúsið hf., í Hnífsdal og Súðavík

Hagnaðist um 179 milljónir króna á síðasta starfsári

Hagnaður Hraðfrystihússins hf., í Hnífsdal nam 179,4 milljónum króna á síðasta starfsári. Tap varð af reglulegri starfsemi, einkum vegna taprekstrar í Súðavík, en síðustu fjóra mánuði ársins tókst að snúa rekstrinum við og var þá félagið rekið með hagnaði. Þessar upplýsingar komu fram á aðalfundi fyrirtækisins sem haldinn var á laugardag, en þetta er í fyrsta skipti sem fyrirtækið birtir reikninga sína opinberlega.

Dótturfélagið Miðfell hf., í Hnífsdal og Frosti hf., í Súðavík sameinuðust Hraðfrystihúsinu hf., 1. maí á síðasta ári og var sameining fyrirtækjanna endanlega samþykkt í byrjun ágúst sama ár og ný stjórn kjörin. Í ljós kom við átta mánaða uppgjör að verulegt tap hafði orðið á starfsemi félagsins í Súðavík. Rækjuverksmiðjan tapaði fé, meðal annars vegna verkfalls og erfiðleika vegna þess að ekki náðust samningar um vaktavinnu. Markaðsaðstæður voru erfiðar og rekstur Bessa ÍS var þungur, meðal annars vegna lélegra aflabragða á Flæmska hattinum.

Á síðustu mánuðum ársins var unnið að breytingum og varð 104 milljóna króna hagnaður fyrir afskiftir síðustu fjóra mánuði ársins miðað við sex milljóna króna tap fyrstu átta mánuði ársins. Félagið seldi eignarhlut sinn í Tryggingamiðstöðinni hf., og eignarhlut þann sem Frosti hf., hafði átt í Sölumiðstöð hraðfrystihúsanna. Söluhagnaður af þessum eignum skýrir meginhlutann af öðrum tekjum félagsins, alls um 262 milljónir króna, sem gerir það að verkum að hagnaður ársins varð 179 milljónir króna þrátt fyrir 89 milljóna króna halla af reglulegri starfsemi.

Um síðustu áramót nam eigið fé fyrirtækisins 589 milljónum króna. Þess ber þó að geta að sá kvóti sem félagið hefur yfir að ráða, liðlega 8.000 tonn í þorskígildum talið auk veiðiheimilda í úthafinu, er ekki bókfærður fyrir nema brot af markaðsverðmæti í dag.

Á aðalfundinum á laugardag lagði stjórn félagsins til að greiddur yrði 7% arður, tæplega 24 milljónir króna og að stjórn fyrirtækisins yrði veitt heimild til að auka hlutafé með útgáfu nýrra hlutabréfa að fjárhæð 50 milljónir króna og mun sú heimild vera hugsuð til að liðka fyrir sameiningu við önnur félög, ef slíkir möguleikar verða fyrir hendi. Stefnt er að skráningu Hraðfrystihússins hf., á Verðbréfaþingi Íslands.

FLUGFÉLAG ÍSLANDS
Ísafjarðarflugvelli
Sími 456 3000
Kynnið ykkur sumaráætlunina sem byrjar 25. maí
19 ferðir í viku!

Nýjar vörur í hverri viku!
vestur sport
Sími: 456 3602

1978-1998
Sumarbúðir í Danmörku fyrir krakka 13-16 ára
Samvinnuferðir-Landsýn
Söluskrifstofa • Hafnarstræti 7
Ísafirði • Sími 456 5390

2
Bylgjan 97·9 Ísafirði
Fréttaritari á Ísafirði
Símar: 456 5252 • 854 8822
894 8822 • Boðtæki 842 0578

Umboðsaðili
Þjónusta & áskrift
Sími: 456 4594
Fax: 456 4592
PÓLLINN HF.

Elo
Sími: 456 4211
Þín verslun
Lambalæri 898 kr./kg.
BJÖRNSBÚÐ er opin
alla virka daga frá kl. 9 til 23
Laugardaga og sunnudaga
frá kl. 10 til 23
...vestfirsk verslun!